A TEREX BRAND

Notendahandbók

Raðnúmerasvið

GTH-2506

Frá raðnúmeri: **24069**
Til raðnúmers: 25046

GTH-3007

Frá raðnúmeri: **24131**
Til raðnúmers: 25045

Með viðhalds

Upplýsingum

Upprunalegar leiðbeiningar, þýðing

Þriðja útgáfa

Fyrsta prentun

Hlutarnr. 57.0009.0639

Mikilvægt

Lesa þarf þessar notendaleiðbeiningar, gera sér grein fyrir þeim og fara eftir þeim áður en lyftarinn er tekinn í notkun. Aðeins þjálfaðir og þar til bærir starfsmenn hafa leyfi til að stjórna lyftaranum. Ávallt skal geyma þessa handbók í lyftaranum.

Nánari upplýsingar fást með því að hringja í Terexlift.

Hafið samband:

ZONA INDUSTRIALE I-06019 UMBERTIDE (PG) - ÍTALÍU
Sími +39 075 941811
Fax +39 075 9415382

Tækniaðstoð
Sími: +39 075 9418129
+39 075 9418175
Tölvupóstfang: UMB.Service@terex.com

Efnisyfirlit

Inngangur ..... síða 3
Auðkenning lyftarans ..... síða 5
Tákn sem notuð eru á lyftaranum..... síða 7
Merkimiðar og plötur sem settar eru á lyftarann..... síða 9
Öryggisráðstafanir ..... síða 21
Lýsing lyftarans..... síða 29
Stjórntæki og mælar ..... ssíða 35
Eftirlit..... síða 51
Notkunarleiðbeiningar..... síða 55
Flutningur lyftarans ..... síða 71
Viðhald..... síða 75
Bilanir og bilanaleit ..... síða 101
Aukabúnaður ..... síða 105
Tækniupplýsingar ..... síða 123
Hleðslutöflur..... síða 129
Flæðirit og skýringarmyndir ..... síða 139
Prófun ..... síða 153
CE - samræmisyfirlýsing..... síða 163
Reglulegt eftirlit..... síða 165

Upprunalegar leiðbeiningar, þýðing
Þriðja útgáfa: Fyrsta prentun, apríl 2013

Hægt er að nálgast rafræna útgáfu af þessari handbók á
www.genielift.com/operator_manuals.asp

© Copyright 2013 **TEREXLIFT srl** - Öll réttindi áskilin
Framleiðandi:
TEREXLIFT Technical Literature Dept.
Umbertide (PG) Italy

Inngangur

Tákn



Öryggistákn: til að vara við hugsanlegri hættu á líkamstjóni. Farið eftir öllum öryggistilkynningum sem birtar eru með þessu merki til að komast hjá hugsanlegu slysi eða dauðsfalli


⚠ HÆTTA ***Rautt: gefur til kynna hættuástand sem leiðir til dauða eða alvarlegs líkamstjóns, sé því ekki sinnt.***

⚠ AÐVÖRUN ***Appelsínugult: gefur til kynna hættuástand sem gæti leitt til dauða eða alvarlegs líkamstjóns, sé því ekki sinnt.***

⚠ VARÚÐ ***Gult: gefur til kynna hættuástand sem gæti leitt til minni háttar eða umtalsverðs líkamstjóns, sé því ekki sinnt.***

TILKYNNING ***Blátt: gefur til kynna hættuástand sem gæti leitt til eignatjóns.***

VERNDUM UMHVERFIÐ ***Grænt: notað til að vekja athygli á mikilvægum upplýsingum um umhverfisvernd.***



auð síða

Auðkenning lyftarans

Athugið hvort notendahandbókin samsvari þeim lyftara sem afhent var.

■ TILGREINING:

LYFTARI FYRIR TORFÆRUR MEÐ LÖNGU GRIPI

■ GERÐ: *GTH-2506 / GTH-3007*

■ FRAMLEIÐANDI:

TEREXLIFT srl

Zona Industriale - I-06019 UMBERTIDE (PG) - ITALY

Skráð í fyrirtækjaskrá hjá héraðsdómnum í Perugia nr. 4823

C.C.I.A.A. 102886

Einkennisnúmer fjáhags /V.A.T. nr. 00249210543

■ VIÐEIGANDI STAÐLAR

Til að tryggja öryggi ökumanns hefur verið farið að í samræmi við eftirfarandi staðla við áhættumat á vörulyftara með skotbómu:

Tilskipun	***heiti***
# 2006/42/EC	vélbúnaðartilskipun
# 2008/104/EC	rafsegulssamhæfi
2000/14/CE	umhverfishávaðamengun

Staðall	***heiti***
EN 1459:1988	samræmdur staðall. Öryggi
A2:2009	Iðnaðarlyftarar - sjálfknúnir lyftarar með breytilega seilingu.

■ AUÐKENNIPLATA LYFTARANS

Eftirfarandi merkiplötur eru settar á lyftarann:

Gagnaplata lyftarans

Auðkenniplatan inniheldur helstu auðkennisgögn lyftarans svo sem tegund, raðnúmer og framleiðsluár, hún er sett á grindina vinstra megin að framan.

Umferðargagnaplata

Umferðargagnaplatan er sett á grindina hægra megin að framan (aðeins á lyfturum fyrir Ítalíumarkað). Þessi plata sýnir gögn varðandi umferð og þyngdir viðkomandi tegundar af lyftara.

Gagnaplata fyrir gaffla

Staðsett vinstra megin á gálga lyftarans.

Platan sýnir auðkennisgögn gaffla svo sem tegund, raðnúmer, framleiðsluár, þyngd, venjulegan farmþunga, þungamiðju farms og tegund lyftarans sem gafflarnir eru ásettir.

Auðkenning lyftarans

■ CE MERKI

Þessi lyftari uppfyllir öryggiskröfur vélbúnaðartilskipunarinnar. Samræmið hefur verið staðfest og ásetning **CE** merkisins á lyftarann gefur til kynna að hún er í samræmi við kröfur samkvæmt reglum.
CE merkið er sett beint á auðkenniplötu lyftarans.

■ RAÐNÚMER GRINDAR

Raðnúmer grindarinnar er stansað hægra megin að framan á hliðarbita grindarinnar.


■ AUÐKENNIPLÖTUR HELSTU HLUTA LYFTARANS


Plötur helstu hluta lyftarans sem ekki eru beinlínis framleiddir af **TEREXLIFT srl** (til dæmis vélar, dælur o.s.frv.) eru staðsettar þar sem þeim var komið fyrir af framleiðendum þeirra.

LESIÐ ÚR RAÐNÚMERINU

Gagnaplata lyftarans:

Gagnaplatan er sett á grindina vinstra megin að framan





Raðnúmer grindar:







Raðnúmer grindarinnar er stansað hægra megin að framan á hliðarbita grindarinnar

Tákn sem notuð eru á lyftaranum

 Eldsneytisstaða	 Almenn viðvörun	 Hemlaþrýstingur	 Stöðuhemill	 Hleðsla rafgeymis
 Olíuþrýstingur	 Glussavökvasía stífluð	 Staða glussaolíu	 Stefnuljós	 Háljós
 1 gír tengdur aðeins á GTH3007)	 2 gír tengdur (aðeins á GTH3007)	 Forhitun glóðarkerta	 Hár hiti kælivökva	 Lágljós
 Afturhjól jafnað	 Stífla í loftsíu	 Tímamælir	 Vísir fyrir hitastig glussaolíu	 Staðsetningarljós
 Stýrisháttur	 Loftræstivifta í öku-mannshúsi	 Lyftipunktur	 Flutningsháttur	 Aðvörunarblikkljós
 Stöðugt gegnumflæði olíu	 Aukavökvaleiðsla	 Loftkæling	 Eldsneytislok	 Glussaolía
 Vinnuljós	 Vélbúnaður			

Tákn sem notuð eru á lyftaranum


■ MYNDRÆN LÝSING Á HÆTTUM

 Hætta á raflosti	 Verið í nauðsynlegri fjarlægð	 Hætta af fallandi hlutum	 Enginn má vera undir farminum	 Hætta á að falla niður
 Bannað að vera með farþega	 Brunahætta	 Látið kerfið kólna.	 Bruna- / sprengihætta	 Reykingar bannaðar. Enginn opinn eldur
 Lesið notendahandbókina.	 Stillið undir bómuna meðan viðhaldi er sinnt	 Hætta á að klemmast	 Brunahætta	 Látið yfirborð kólna
 Hætta á að klemmast	 Varist hluti á hreyfingu	 Hætta á að klemmast	 Forðist hluti á hreyfingu	 Leyfið aðgang að hólfinu
 Hætta á að klemmast	 Varist beltið	 Setjið viðhaldshlíf á	 Straumloka rafgeymis	 Öryggisviðvörun

Merkimiðar og plötur sem settar eru á lyftarann



■ GTH-2506

Skyggður merkimiði táknar að hann er ekki í augsýn þ.e. undir hlíf.







Merkimiðar og plötur sem settar eru á lyftarann


Notið myndirnar á þessum síðum til að ganga úr skugga um að allir merkimiðar séu læsilegir og á sínum stað.
Taflan hér á eftir gefur upp magn svo og lýsingu.

Tilv.	Merkimiði	Kóði	Lýsing	Magn
1		09.4618.1398	**Notkun öryggispinna**	1
2		09.4618.1375	**Fara skal eftir sameiginlegri afkastagetu lyftarans og aukabúnaðar hans.**	1
3		09.4618.0061	**Límmiði loftþrýstingur í dekkjum** **P= 4.5 bar / 65 psi**	4
4		09.4618.0918	**Hætta af fallandi hlutum**	3
5		09.4618.0919	**Hætta á að klemmast**	4
6		09.4618.0257	**Hljóðaflsstig sem ábyrgð er tekin á**	1
7		09.4618.0920	**Aðgengi að hólfum**	1
8	***2.500 kg***	09.4616.0102	**Hámarks afkastageta**	1




Merkimiðar og plötur sem settar eru á lyftarann

Tilv.	Merkimiði	Kóði	Lýsing	Magn
9		09.4618.0786	**Merkimiði - prófun á tengigáttum**	1
10		09.4618.0776	**Merkimiði - aflæsing efri hurðar að innan**	1
11		09.4618.1606	**Stjórnstöng fyrir GTH-2506**	1
12		09.4618.0921	**Merkimiði - notið takmarkanir í grennd við raflínur**	1
13		09.4618.0792	**Merkimiði - vélarhlíf lokast**	1
14		09.4618.0922	**Hætta á að klemmast**	6
15 16 17	Genie®	09.4618.0240 09.0803.0424 09.4618.0242	**Skraut - GENIE kennimerkið**	1 1 1
18 19	Genie GTH-2506	09.4618.0390 09.4618.0930	**Skraut - GENIE GTH-2506**	2 1



Merkimiðar og plötur sem settar eru á lyftarann

Tilv.	Merkimiði	Kóði	Lýsing	Magn
20		09.4618.0923	**Brunahætta**	2
21		09.4618.0924	**Bruna-/sprengihætta**	1
22		09.4618.0925	**Hætta á að klemmast**	1
23		09.4618.0926	**Bannað að vera með farþega**	1
24		09.4618.0927	**Brunahætta**	1
25		09.4618.0916	**Lyftipunktur**	4
26		09.4618.0917	**Eldsneytislok**	1
27		09.4618.0928	**Glussaolía**	3
28		09.4618.0949	**Merkimiði - var- og rafliðatafla**	1

Merkimiðar og plötur sem settar eru á lyftarann

Tilv.	Merkimiði	Kóði	Lýsing	Magn
29		09.4618.1001	**Merkimiði - Viðhaldshlíf**	1
30		09.4618.1025	**Merkimiði - aflæsing efri hurðar að utan**	1
31		09.4618.0986	**Hætta á að klemmast**	1
32		09.4618.1030	**Merkimiði - var- og rafliðatafla ökumannshúss**	1
33		09.4618.1256	**Leiðbeiningar - Neyðarútgangur**	1
34		09.4618.1331	**Straumloka rafgeymis**	1
35		09.4618.1423	**Hætta vegna þrýstingssafnara**	1


Merkimiðar og plötur sem settar eru á lyftarann

Tilv.	Merkimiði	Kóði	Lýsing	Magn
36		09.4618.1029	**Merkimiði - aðvaranir um akstur á vegum** (eingöngu fyrir lyftara sem ætlaðir eru fyrir Ítalíumarkað.	1
37		09.4618.1419	**Lífbrjótanleg glussaolía** (valkostur)	2
38		09.4618.1458	**Velta**	2
39		09.4618.1645	**Aftenging hleðslutakmörkunar**	1
A		/	**Gagnaplata lyftarans**. Auðkenniplatan inniheldur helstu auðkennisgögn lyftarans.	1
B		/	**Gagnaplata fyrir gaffla**. Platan sýnir helstu auðkennisgögn gafflanna sem eru ásettir á lyftarann.	1
C		09.0803.0357	**Gráðuhalli bómu**	1
D		09.4616.0000	**Gagnaplata vegnaaksturs á vegum.** Platan inniheldur helstu gögn varðandi akstur á vegum svo og þyngd viðkomandi gerðar af lyftara (aðeins fyrir lyftara sem ætlaðir eru á Ítalíumarkað).	1

Merkimiðar og plötur sem settar eru á lyftarann


■ **GTH-3007**

Skyggður merkimiði táknar að hann er ekki í augsýn þ.e. undir hlíf.






Merkimiðar og plötur sem settar eru á lyftarann



Notið myndirnar á þessum síðum til að ganga úr skugga um að allir merkimiðar séu læsilegir og á sínum stað.
Taflan hér á eftir gefur upp magn svo og lýsingu.

Tilv.	Merkimiði	Kóði	Lýsing	Magn
1		09.4618.1398	**Notkun öryggispinna**	1
2		09.4618.1375	**Fara skal eftir sameiginlegri afkastagetu lyftarans og aukabúnaðar hans.**	1
3		09.4618.0547	**Límmiði loftþrýstingur í dekkjum** **P= 5,5 bör / 80 psi**	4
4		09.4618.0918	**Hætta af fallandi hlutum**	3
5		09.4618.0919	**Hætta á að klemmast**	4
6		09.4618.0563	**Hljóðaflsstig sem ábyrgð er tekin á**	1
7		09.4618.0920	**Aðgengi að hólfum**	1
8	***3000 kg***	09.4616.0002	**Hámarks afkastageta**	1





Merkimiðar og plötur sem settar eru á lyftarann

Tilv.	Merkimiði	Kóði	Lýsing	Magn
9		09.4618.0786	**Merkimiði - prófun á tengigáttum**	1
10		09.4618.0776	**Merkimiði - aflæsing efri hurðar að innan**	1
11		09.4618.1606	**Límmiði fyrir stjórnstöng fyrir GTH-3007**	1
12		09.4618.0921	**Merkimiði - notið takmarkanir í grennd við raflínur**	1
13		09.4618.0792	**Merkimiði - vélarhlíf lokast**	1
14		09.4618.0922	**Hætta á að klemmast**	6
15 16 17	Genie®	09.4618.0240 09.0803.0529 09.4618.0242	**Skraut - GENIE kennimerkið**	1 1 1




Merkimiðar og plötur sem settar eru á lyftarann

Tilv.	Merkimiði	Kóði	Lýsing	Magn
18 19 20	Genie GTH-3007	09.4618.0484 09.4618.0485 09.4618.0984	**Skraut - GENIE GTH-3007**	1 1 1
21		09.4618.0924	**Bruna-/sprengihætta**	1
22		09.4618.0925	**Hætta á að klemmast**	1
23		09.4618.0926	**Bannað að vera með farþega**	1
24		09.4618.0927	**Brunahætta**	1
25		09.4618.0916	**Lyftipunktur**	4
26		09.4618.0917	**Eldsneytislok**	1
27		09.4618.0928	**Glussaolía**	3
28		09.4618.0949	**Merkimiði - var- og rafliðatafla**	1
29		09.4618.1001	**Merkimiði - Viðhaldshlíf**	1

Merkimiðar og plötur sem settar eru á lyftarann

Tilv.	Merkimiði	Kóði	Lýsing	Magn
30		09.4618.1025	**Merkimiði - aflæsing efri hurðar að utan**	1
31		09.4618.0986	**Hætta á að klemmast**	1
32		09.4618.0923	**Brunahætta**	2
33		09.4618.1385	**Merkimiði - leiðbeiningar um tannhjól**	1
34		09.4618.1030	**Merkimiði - var- og rafliðatafla ökumannshúss**	1
35		09.4618.1256	**Leiðbeiningar - Neyðarútgangur**	1
36		09.4618.1331	**Straumloka rafgeymis**	1
37		09.4618.1423	**Hætta vegna þrýstingssafnara**	1

Merkimiðar og plötur sem settar eru á lyftarann

Tilv.	Merkimiði	Kóði	Lýsing	Magn
38		09.4618.1029	**Merkimiði - aðvaranir um akstur á vegum** (eingöngu fyrir lyftara sem ætlaðir eru fyrir Ítalíumarkað.	1
39		09.4618.1419	**Lífbrjótanleg glussaolía** (valkostur).	2
40		09.4618.1458	**Velta**	2
41		09.4618.1645	**Aftenging hleðslutakmörkunar**	1
A		/	**Gagnaplata lyftarans**. Auðkenniplatan inniheldur helstu auðkennisgögn lyftarans.	1
B		/	**Gagnaplata fyrir gaffla**. Platan sýnir helstu auðkennisgögn gafflanna sem eru ásettir á lyftarann.	1
C		09.0803.0357	**Gráðuhalli bómu.**	1
D		09.4616.0000	**Gagnaplata VegnaAksturs á Vegum.** Platan inniheldur helstu gögn varðandi akstur á vegum svo og þyngd viðkomandi gerðar af lyftara (aðeins fyrir lyftara sem ætlaðir eru á Ítalíumarkað).	1

Öryggisráðstafanir

HÆTTUR VEGNA BILAÐS LYFTARA

- Notið ekki lyftara sem er bilaður eða í ólagi.
- Framkvæmið vandlega forskoðun á lyftaranum og prófið allar aðgerðir hans fyrir hverja vakt. Merkið lyftara sem eru bilaðir eða í ólagi og takið þá úr umferð.
- Gangið úr skugga um að öll viðhaldsverk hafi verið unnin eins og tilgreint er í þessari notendahandbók og viðkomandi þjónustubók.
- Gætið þess að allir merkimiðar séu sínum stað og læsilegir.
- Gangið úr skugga um að notendahandbók ökumanns sé ósködduð, læsileg og henni komið fyrir í sérstöku hólfi í lyftaranum.

HÆTTUR Á LÍKAMSTJÓNI

- Ekki skal nota lyftarann ef upp kemur leki á glussaolíu eða þrýstilofti. Leki á þrýstilofti og glussaolíu getur komist inn úr húð líkamans eða brennt hana.
- Nota skal lyftarann í vel loftræstu rými til að koma í veg fyrir eitrun af völdum kolmónoxíðs.
- Ekki skal lækka bómuna nema engir menn eða hindranir séu undir henni.

ÖRYGGISBÚNAÐUR

Á lyftaranum hefur verið komið fyrir ýmsum öryggisbúnaði. Alls ekki má eiga við þennan búnað né fjarlægja hann.
Farið reglulega yfir virkni þessa búnaðar.
Ef bilanir eiga sér stað þarf að hætta störfum án tafar og skipta út hinum bilaða búnaði.
Varðandi eftirlit, sjá kaflann „Viðhald“

KERFI TIL AÐ TAKMARKA KRAFTVÆGI (LLMI/LLMC)

Kerfið til að takmarka kraftvægi hefur verið þróað til að auðvelda ökumanninum að viðhalda lengdarstöðugleika lyftarans. Gefið er til kynna með hljóðmerkjum og sjónrænum skilaboðum ef farið er nálægt ystu mörkum á lengdarstöðugleika hans.
Þetta getur þó ekki komið í staðinn fyrir reynslu ökumannsins sjálfs. Það er undir notandanum komið að nýta sér nauðsynlegar öryggisráðstafanir til að vinna innan skráðra afkastamarka lyftarans.

SÆTISROFI

Þessi örrofi er staðsettur inni í sætispúðanum og kemur í veg fyrir allar hreyfingar lyftarans ef ökumaðurinn situr ekki rétt í ökumannssætinu.

Öryggisráðstafanir



Sé ekki farið að í samræmi við leiðbeiningar og öryggisreglur í þessari notendahandbók getur það valdið banaslysi eða alvarlegu líkamstjóni.

Notið ekki lyftarann nema:

- þið kynnið ykkur og farið eftir helstu reglum um örugga notkun lyftarans sem er að finna í þessari notendahandbók.
  1. **Forðist hættulegar aðstæður.** Lesið og gerið ykkur grein fyrir öryggisleiðbeiningunum áður en farið er í næsta kafla.
  2. **Framkvæmið alltaf forskoðun áður en notkun hefst.**
  3. **Prófið alltaf aðgerðir lyftarans fyrir notkun.**
  4. **Farið yfir vinnusvæðið.**
  5. **Notið lyftarann aðeins í tilætluðu augnamiði.**
- Lesið, gerið ykkur grein fyrir og farið eftir leiðbeiningum framleiðandans, öryggishandbók og notendahandbók og merkimiðum sem eru á lyftaranum.
- Lesið, gerið ykkur grein fyrir og farið eftir öryggisreglum vinnuveitandans og starfsreglum á vinnustað.
- Lesið, gerið ykkur grein fyrir og farið eftir viðkomandi innlendum reglugerðum.
- Aðeins þjálfaðir starfsmenn sem eru upplýstir um öryggisreglur mega nota lyftarann.

■ ALMENNAR ATHUGASEMDIR

Flest slys eiga sér stað við störf, viðgerðir eða viðhald á lyftarum og orsakir þeirra eru að ekki er farið eftir grundvallarreglum um öryggi.
Þess vegna er nauðsynlegt að halda stöðugt vöku sinni fyrir hugsanlegum hættum og áhrifum þeirra aðgerða sem framkvæmdar eru með lyftaranum.

TILKYNNING

Ef þið þekkið hættulegar aðstæður getið þið komið í veg fyrir slys!

HÆTTA

Leiðbeiningarnar í þessari handbók eru þróaðar af TEREXLIFT. Með þeim eru ekki útilokaðar aðrar öruggar og hentugri aðferðir við uppsetningu, notkun og viðhald lyftarans þar sem tekið er tillit til þess rýmis og úrræða sem er fyrir hendi.

Ef þið ákveðið að fara eftir öðrum leiðbeiningum en þeim sem gefnar eru í þessari handbók er nauðsynlegt að:

- þið séuð algerlega viss í ykkar sök um að þið séuð ekki að gera eitthvað sem er algerlega bannað;
- þið séuð viss um að aðferðirnar séu öruggar, til dæmis í samræmi við reglur og fyrirmæli sem getið er um í þessum kafla;
- þið séuð viss um að aðferðirnar geti ekki valdið beinum eða óbeinum skemmdum á lyftaranum eða gera hann óöruggan;
- þið hafið samband við notendaþjónustu TEREXLIFT um hvers konar ráðleggingar og skrifleg leyfi.

Öryggisráðstafanir

■ KRÖFUR TIL STJÓRNENDA

■ Kröfur til ÖKUMANNA LYFTARANS

Ökumenn sem nota lyftarann reglulega eða við og við (þ.e. vegna flutninga) þurfa að uppfylla eftirfarandi kröfur:

Heilsa:
Fyrir notkun lyftarans og meðan á notkun hans stendur skulu þeir ekki neyta áfengis, lyfja eða annarra efna sem geta haft áhrif á líkama þeira eða huga og þar af leiðandi á starfsgetu þeirra.

Líkamlegt ástand:
Þeir þurfa að hafa góða sjón, heyrn, samhæfingu og hæfileika til að framkvæma allar nauðsynlegar aðgerðir á öruggan hátt í samræmi við fyrirmæli í þessari notendahandbók.

Andlegt ástand:
Þeir þurfa að vera búnir hæfileika til að gera sér grein fyrir og fara eftir gildandi reglum, reglugerðum og öryggisráðstöfunum. Þeir skulu vera gætnir að eðlisfari og beita skynsemi í eigin þágu svo og annarra og hafa vilja til að vinna verkin rétt og á ábyrgan hátt.

Tilfinningalegt ástand:
Þeir skulu halda ró sinni og ávallt vera færir um að meta eigið líkamlegt og andlegt ástand.

Starfsþjálfun:
Þeir þurfa að lesa og kynna sér vandlega þessa notendahandbók, töflur og skýringarmyndir svo og auðkenniplötur og viðvörunarmerki. Þeir skulu vera hæfir og þjálfaðir í notkun véla.

TILKYNNING

Ökumaðurinn skal hafa ökuleyfi (eða ökuskírteini) samkvæmt landslögum í því landi sem lyftarinn er notaður. Hafið samband við viðkomandi þar til bær yfirvöld. Á Ítalíu þarf ökumaður hafa náð 18 ára aldri.

■ Kröfur til ÞJÓNUSTUSTARFSMANNA

Starfsmenn þeir sem hafa með höndum viðhald lyftarans skulu vera hæfir, með sérþekkingu á viðhaldi á lyfturum með skotbómu og uppfylla eftirfarandi kröfur:

Líkamlegt ástand:
Þeir þurfa að hafa góða sjón, heyrn, samhæfingu og hæfileika til að framkvæma allar viðhaldsaðgerðir á öruggan hátt í samræmi við fyrirmæli í þessari notendahandbók.

Andlegt ástand::
Þeir þurfa að vera búnir hæfileika til að gera sér grein fyrir og fara eftir gildandi reglum, reglugerðum og öryggisráðstöfunum. Þeir skulu vera gætnir að eðlisfari og beita skynsemi í eigin þágu svo og annarra og hafa vilja til að vinna verkin rétt og á ábyrgan hátt.

Starfsþjálfun:
Þeir þurfa að lesa þessa og kynna sér vandlega þessa notendahandbók, töflur og skýringarmyndir svo og auðkenniplötur og viðvörunarmerki. Þeir skulu vera hæfir og þjálfaðir í notkun véla.

TILKYNNING

Frá tæknilegu sjónarmiði er venjulegt viðhald lyftarans ekki flókin aðgerð og ökumaður lyftarans getur framkvæmt það einnig ef hann hefur undirstöðuþekkingu á vélum.

Öryggisráðstafanir

■ VINNUFATNAÐUR

Ökumenn skulu nota hentugan hlífðarfatnað við störf sín ein einkum við viðhald og viðgerðir á lyftaranum:

- Samfesting eða annan þægilegan fatnað. Ökumenn eiga ekki að vera í fötum með víðar ermar eða með hluti sem geta feststst í hreyfanlegum hlutum lyftarans.
- Eyrnaskjól eða samsvarandi búnað.
- Öryggishjálm.
- Hlífðarhanska.
- Vinnuskó.



Notið aðeins viðurkennd vinnuföt í góðu ástandi.

■ Persónuhlífar

Við sérstök vinnuskilyrði skal nota eftirfarandi persónuhlífar:

- Öndunarbúnað (eða rykgrímu).
- Hlífðargleraugu eða andlitsgrímu.

■ AÐRAR HÆTTUR

■ Hættur á VINNUSTAÐ

Ávallt skal taka tillit til sérstakra einkenna vinnustaðarins:

- Athugið alltaf vinnusvæðið og berið saman við málstærðir lyftarans í hinum mismunandi uppsetningum.

HÆTTA

Lyftarinn er ekki einangraður frá rafmagni og gefur ekki vernd fyrir snertingu eða grennd við raflínur.

Ávallt skal halda sig í öruggri fjarlægð frá skotbómunni og farminum sem lyft er. Hætta af völdum rafmagns!

- Haldið ykkur frá lyftaranum ef hún kemst í snertingu við raflínur. Starfsmenn á jörðu mega aldrei snerta eða nota lyftarann fyrr en rafmagn hefur verið tekið af raflínum.

SNERTING VIÐ RAFLÍNUR GETUR VALDIÐ SLYSUM EÐA DAUÐA					
HAFIÐ ÁVALLT SAMBAND VIÐ EIGANDA AÐ RAFLÍNUM. AFTENGJA ÞARF RAFSPENNU EÐA FÆRA RAFLÍNURNAR ÁÐUR EN NOTKUN LYFTARANS HEFST					
NAUÐSYNLEGT FRÍBIL VIÐ RAFLÍNUR MEÐ SPENNU					
0	*til*	*50 kV*	*10 ft*	*3.00 m*	
50	*til*	*200 kV*	*15 ft*	*4.60 m*	
200	*til*	*350 kV*	*20 ft*	*6.10 m*	
350	*til*	*500 kV*	*25 ft*	*7.62 m*	
500	*til*	*750 kV*	*35 ft*	*10.67 m*	
750	*til*	*1000 kV*	*45 ft*	*13.72 m*	

HÆTTA

Notið aldrei lyftarann í óveðri.

AÐVÖRUN

Ökumaðurinn þarf að hafa fulla yfirsýn við notkun lyftarans.

Öryggisráðstafanir

■ HÆTTUR VIÐ NOTKUN og VIÐHALD

Áður en aðgerð hefst þarf að gera eftirfarandi varúðarráðstafanir:

- Fyrst og fremst þarf að tryggja að viðhaldsverk hafi verið unnin af kostgæfni í samræmi við ákveðna áætlun.

⚠ AÐVÖRUN

Setjið lyftarann upp fyrir notkun og hreyfið hann til. Notið sérsaka hallamælinn hægra megin við ökumannssætið til að aðgæta hvort lyftarinn sé í láréttri stöðu áður en hann er tekin í notkun.

- Hafið tiltækt nægilegt eldsneyti til að koma í veg fyrir að vélin stöðvist skyndilega einkum við mikilvægt verk.
- Þrífið áhöld, gagnaspjöld, ljós og framrúðu ökumannsklefans vandlega.
- Fari yfir að öryggisbúnaður lyftarans og á vinnustað starfi réttilega.
- Ef upp koma vandamál eða erfiðleikar skal tilkynna verkstjóra án tafar. Hefjið aldrei störf við ótrygg vinnuskilyrði.
- Gerið aldrein einar viðgerðir til bráðabirgða til að geta haldið áfram störfum!

Við störf og sérstaklega við viðhald þarf að gæta sérstaklega að eftirfarandi atriðum:

- Gangið ekki né nemið staðar undir farmi sem er á lofti eða vélarhlutum sem haldið er uppi af vökvatjökkum eða reipum.
- Gætið þess að engin olía, feiti eða óhreinindi séu á handföngum og aðgengisþrepum lyftarans til að koma í veg fyrr að fala eða renna til.



- Þegar farið er inn eða út úr ökumannsklefanum eða öðrum hlutum sem eru hátt uppi skal aldrei snúa í þá bakinu.



- Við störf í hættulegri hæð (meira en **1,5** m frá jörðu) skal ávallt nota búnað til að hindra eða stöðva fall.
- Farið ekki inn í/út úr lyftaranum meðan hann er á hreyfingu.
- Farið aldrei úr ökumannssætinu meðan lyftarinn er á hreyfingu.
- Stöðvið ekki né framkvæmið aðgerðir undir hjólum lyftarans eða á milli þeirra meðan vélin er í gangi. Þegar nauðsynlegt er að sinna viðhaldi á þessu svæði skal stöðva vélina.
- Framkvæmið ekki neitt viðhald eða viðgerðir án fullnægjandi lýsingar.
- Þegar ljós vélarinnar eru notuð þarf að beina ljósgeislanum þannig að hann blindi ekki þá sem eru við störf.
- Áður en spennu er hleypt á raflínur eða hluti með rafspennu skal fara yfir tengingar þeirra og rétta virkni.
- Framkvæmið engar aðgerðir á rafrænum búnaði með spennu hærri en **48 V**.
- Tengið ekki tengla eða innstungur í samband.
- Aldrei skal fjarlægja merkiplötur og aðvörunarlímmiða fela þá eða láta þá verða ólæsilega.
- Ekki skal fjarlægja öryggistæki, hlífar, hlífðarhylki o.s.frv. nema vegna viðhalds. Ef nauðsynlegt er að fjarlægja þessa hluti skal stöðva vélina, taka þá af með ýtrustu varúð og muna alltaf eftir að setja þá aftur á áður en vélin er gangsett á ný og lyftarinn tekinn í notkun.
- Stöðvið vélina og aftengið rafgeymana áður en viðhaldsverk eru unnin.
- Ekki skal smyrja, þrífa eða stilla hluti sem eru á hreyfingu.

Öryggisráðstafanir

- Framkvæmið ekki verk handvirkt ef sérstök verkfæri eru tiltæk í sama skyni.
- Forðist að nota verkfæri sem eru í slæmu ástandi eða nota þau á óæskilegan hátt, t.d. töng staðinn fyrir skiptilykil.
- Bannað er að beina álagi á ýmsa staði á festiplötu fyrir aukabúnað.

⚠ AÐVÖRUN

Aðeins þar til bærir starfsmenn skulu sinna viðgerðum á vökvakerfinu.
Vökvakerfið er með þrýstingsgeyma. Ef þrýstingi er ekki hleypt alveg af þessum þrýstingsgeymum gætuð þið eða aðrir orðið fyrir alvarlegum slysum. Til að framkvæma þetta þarf að stöðva vélina og stíga á hemlafetillinn 8/10 sinnum.



- Áður en vinna hefst á vökvaleiðslum undir þrýstingi eða þegar vökvabúnaður er aftengdur þarf að ganga úr skugga um að þrýstingi hafi verið hleypt af viðkomandi leiðslu og hún innihaldi ekki heitan glussavökva.
- Tæmið ekki efnahvatasíur eða önnur ílát sem innihalda ætandi efni án þess að gera viðeigandi varúðarráðstafanir.
- Að loknu viðhaldi eða viðgerðum þarf að ganga úr skugga um að engin verkfæri, klútar eða aðrir hlutir hafi verið skildir eftir inni í hólfum lyftarans, settir á hreyfanlega hluti eða þar sem hringrás loftsogs eða kælilofts á sér stað.
- Við störf skal ekki gefa mörgum aðilum í einu leiðbeiningar eða merki. Aðeins einn aðili skal sinna því að gefa leiðbeiningar eða merki.
- Farið ávallt eftir fyrirmælum verkstjóra.
- Ekki skal trufla athygli ökumannsins við störf eða mikilvægar hreyfingar.
- Kallið ekki skyndilega til ökumannsins að nauðsynjalausu.
- Ekki skal hrekkja ökumanninn á neinn hátt eða kasta hlutum í hann.
- Að vinnu lokinni skal ekki skilja lyftarann eftir í aðstæðum sem gætu verið hættulegar.
- Takið aukabúnað af áður en viðhaldi eða viðgerðum er sinnt.

■ Hættur VIÐ NOTKUN LYFTARANS

Algerlega ber að forðast eftirfarandi vinnuaðstæður:

- Ekki skal meðhöndla farm sem er yfir afkastamörkum lyftarans.
- Lyftið ekki eða skjótið út bómunni ef lyftarinn er ekki á jafnsléttu.
- Notið ekki lyftarann í hvassviðri. Aukið ekki yfirborðsflöt lyftarans eða farm hans á göfflum sem kemst í snertingu við mikinn vind. Ef yfirborðsflötur lyftarans stendur áveðurs getur það dregið úr stöðugleika hans.
- Sýnið ítrustu varkárni þegar ekið er á litlum hraða þegar lyftaranum er ekið yfir ójafnt eða óstöðugt yfirborð, sleipt yfirborð, í grennd við skurði eða bratta.
- Aðlagið aksturshraðann í samræmi við aðstæður yfirborðsins, brekkur, starfsmenn í grenndinni eða aðra þætti sem gætu valdið árekstri.
- Setjið ekki eða festið slútandi farm við neinn hluta lyftarans.

Öryggisráðstafanir

HÆTTUR Á SPRENGINGUM OG ELDSVOÐA

- Ræsið ekki vélina ef þið finnið lykt af LPG-gasi, bensíni, dísilolíu eða öðrum sprengifimum efnum.
- Setjið ekki eldsneyti á lyftarann með vélina í gangi.
- Setjið eldsneyti á lyftarann eða hlaðið rafgeyminn eingöngu í loftræstu rými þar sem ekki eru til staðar neistar, opinn eldur eða logandi sígarettur.
- Notið ekki lyftarann í hættulegu umhverfi eða á stöðum þar sem eldfimt eða sprengifimt gas eða önnur efni eru til staðar.
- Dælið ekki eter inn á vélar með glóðarkerti.
- Skiljið ekki eftir eldsneytisdunka eða flöskur á óviðeigandi stöðum.
- Ekki skal reykja eða nota opinn eld í grennd við svæði þar sem eldhætta er til staðar og í grennd við eldsneyti, olíu eða rafgeyma.
- Farið varlega þegar þið meðhöndlið eldfim eða hættuleg efni.
- Ekki skal eiga við slökkvitæki eða þrýstingsgeyma.

HÆTTUR VEGNA BILAÐS LYFTARA

- Notið ekki hleðslutæki fyrir rafgeyma eða rafgeyma með spennu hærri en 12V til að ræsa vélina.
- Notið ekki lyftarann sem jarðtengingu vegna rafsuðu.

HÆTTUR Á LÍKAMSTJÓNI

- Ekki skal nota lyftarann ef upp kemur leki á glussaolíu eða þrýstilofti. Leki á þrýstilofti og glussaolíu getur komist inn úr húð líkamans eða brennt hana.
- Ávallt skal nota lyftarann í vel loftræstu rými til að koma í veg fyrir eitrun af völdum kolmónoxíðs.
- Ekki skal lækka bómuna nema engir menn eða hindranir séu undir henni.



Öryggisráðstafanir

■ HÆTTUR VEGNA farms á lofti

- Farmur á lofti hefur breytileg og þar af leiðandi ófyrirsjáanleg áhrif á stöðugleika lyftarans þannig að ýtrustu gætni þarf að viðhafa þegar unnið er með farm á lofti.
- Lyftið aldrei farminum nema lyftarinn sé á traustri jafnsléttu.
- Notið ekki lyftarann meðan menn eru undir farmi á lofti.
- Allar hreyfingar með farm þarf að gera á lægsta mögulega hraða.
- Lyftið ekki farmi þegar vindhraði er meira en 20 mph (32 kmh, 9 m/s).
- Jafnið stöðu lyftarans áður en farminum er lyft.
- Látið þjálfaða starfsmenn nota togreipi eða stjórnlínur til að hjálpa til með að stjórna farminum og koma í veg fyrir að hann sveiflist til.
- Reynið ekki að nota grindarjöfnun lyftarans til að jafna stöðu farms sem sveiflast.
- Aldrei skal draga farminn.
- Reynið ekki að færa farm sem er fastur eða hindranir eru í vegi hans.
- Alltaf skal lyfta farminum upp lóðrétt, reynið ekki að toga farminn lárlett því það gæti valdið of mikilli sveiflu á farminum.
- Þegar útsýni gæti verið hindrað skal ökumaðurinn notast við aðrar/viðbótar aðferðir til að flytja farminn.
- Nota skal aðstoðarmenn til að leiðbeina ökumanni við flutning svo og vegna umferðar sem er í grenndinni.
- Takmarka skal hraðann þegar aðstæður eru þannig að þær gætu valdið óvæntum hreyfingum farmsins eða stofna öruggum flutningi farmsins í hættu.
- Við flutning þarf bóman að vera alveg dregin inn.
- Akið aðeins á föstu undirlagi.
- Akið af stað, akið áfram, beygið og nemið staðar hægt til að koma í veg fyrir að farmurinn verði óstöðugur eða sveiflist til.
- Akið ekki hraðar en á gönguhraða.
- Flytja skal farminn eins nálægt jörð eins og aðstæður leyfa.
- Notið ekki nein stjórntæki til að hagræða farminum meðan á akstri stendur. Nemið staðar hægt og rólega áður en reynt er að hagræða farminum.

■ HÆTTUR Í SAMBANDI VIÐ LLMI (HLEÐSLUMÆLI)/ LLMC (kraftvægistakmörkun)

LLMI/LLMC (hleðsluálagsmælir/takmörkun kraftvægis starfar aðeins í samræmi við hönnunarforskriftir:


- þegar lyftarinn er í kyrrstöðu;
- þegar lyftarinn er á þéttu, stöðugu og láréttu yfirborði;
- þegar lyftarin er látinn vinna verk í tengslum við hleðslu eða staðsetningu;
- þegar LLMI/LLMC kerfið er virkt (ekki farið framhjá því).

LLMI kerfið varar ökumann aðeins við þegar ófullnægjandi stöðugleiki er á lengdarplani áfram. LLMI/LLMC kerfið er ekki ætlað til að gefa viðvörun um hættuna á að velta ef um er að ræða:

- skyndilega ofhleðslu;
- ef eki er með farminn í hárri stöðu;
- ef ekið er í torfæru eða á undirlagi þar sem eru hindranir og holur;
- ef ekið er þvert á brekku eða beygt í brekku;
- ef of skarpar beygjur eru teknar eða eknar of hratt;

Lagfæringar sem hafa áhrif á stillingar LLMI/LLMC skulu aðeins framkvæmdar af þjálfuðum starfsmönnum.

Lýsing lyftarans



1. **Gafflar**
2. **2. hluti bómunnar**
3. **1. hluti bómunnar**
4. **Vélarhlíf**
5. **Ökumannshús**
6. **framás**
7. **Grind**
8. **Aurhlíf á vinstra framhjóli**
9. **Niðurgír á vinstra afturhjóli**
10. **Niðurgír á hægra afturhjóli**

Lýsing lyftarans

Almenn lýsing lyftarans GTH-2506

Helstu hlutar lyftarans eru færanlegur undirvagn sem er útbúinn með ökumannshúsi og skotbómu með sveigjanlegum útbúnaði til að meðhöndla farm sem ekki er þyngri en afkastageta lyftarans segir til um.
Vélræn orka sem er nauðsynleg til að knýja lyftarann og búnaðinn fyrir meðhöndlun á farmi er fengin með dísilvél sem er ísett hægra megin á lyftaranum og stjórnað af eldsneytisgjöf sem er inni í ökumannshúsinu.
Dísilolían sem knýr vélina er geymd í plasttanki sem er aftan á undirvagninum, beint fyrir neðan liðamótin á skotbómunni. Vélin knýr tvær vökvadælur.
Stærri dælan er bulluknúin dæla með breytilegt slagrými og er tengd beint við kasthjólshúsið og er tengd með vökvabúnaði við bulluknúinn mótor með breytilegt slagrými sem myndar nauðsynlegt snúningsátak fyrir kraftyfirfærslu lyftarans.
Þessar tvær dælur eru helstu hlutar vökvaknúinnar skiptingar sem er vélrænt tengd við ása og hjól lyftarans. Í meginatriðum er vökvamótorinn tengdur beint við miðjan framásinn sem er síðan tengdur við afturásinn og þannig myndast 4X4 drif á öllum hjólum. Öll fjögur hjólin eru með hjólbarða sem henta til notkunar á lyftaranum við allar þær vinnuaðstæður sem þessi gerð er hugsuð fyrir og geta borið hámarkshleðslu sem myndast af þyngd lyftarans og farmþunga hans.
Seinni tannhjólaknúna dælan er tengd beint aftan við þá stærri og er vélrænt tengd við hana með drifskafti og myndar hún flæði og þrýsting til að knýja skotbómuna og búnaðinn til að meðhöndla farm með aukabúnaði og knýja stjórnkerfi lyftarans.
Þessar tvær dælur eru tengdar við olíusogleiðslur sem eru í sambandi við glussaolíutank undir miðjum undirvagni lyftarans.
Þessi tankur sem er úr stáli er einnig með olíusíukerfi (útskiptanlegt) vísa fyrir olíustöðu og olíulok.
Vélinni og dælunum tveimur er komið fyrir í hentugu vélarrými sem samanstendur af neðra hólfi úr stáli og efri hluta sem er vélarhlíf og hægt er að opna vegna þjónustuverka í vélarrýminu.
Vélarrýmið er einnig með kæli fyrir vélina og vökvakerfið, þenslutank kælikerfisins, loftinntak og loftsíu, rafal, rafgeymi og síur fyrir eldsneyti og vélarolíu.
Hljóðkútur í afgaskerfi er á bak við vélarrýmið og felldur inn í hægri hlið undirvagnsins.
Skotbóman sem er tengd með hjörum aftan á undirvagninum er aðallega gerð úr tveimur stálprófílum með ferkantað þversnið og með búnað til meðhöndlunar á farmi til að koma farmi fyrir og taka hann niður svo og flytja hann milli staða.
Ytri hlutinn er festur með hjörum ofarlega aftan á undirvagninum og hún er færð til með vökvatjakki sem er tengdur milli neðra yfirborðs hans og botns undirvagnsins fyrir miðju.
Þegar þessi tjakkur færist út og inn veldur hann því að ytri hluti bómunnar snýst milli markanna bóma upp og bóma niður.
Innri hluti bómunnar getur framlengst með tilliti til þeirrar ytri með skotbómutjakki sem er komið fyrir innan í bómunni.
Efst á innri hlutanum er komið fyrir framlengingu með búnaði til að meðhöndla farm með snúningsfestingu sem auðvelt er að tengja við margvíslegan aukabúnað og sem er knúinn af sérstökum tjakki.
Auðvelt er að skipta um mismunandi gerðir af aukabúnaði fyrir lyftarann og er hann tryggður með vélknúnum læsipinna (staðalbúnaður) eða með vökvaknúnum læsi/aflæsitjakk.
Bómutjakkarnir sem lýst er hér að framan eru knúnir gegnum aðalloka sem er rafstýrt með stýripinna sem er í ökumannshúsinu. Önnur helstu stjórntæki sem eru í ökumannshúsinu eru stýri (til að stýra lyftaranum), akstursheimill og rofi til að virkja stöðuhemilinn.
Stýrishjólið er tengt vélrænt við stýrieiningu sem knýr stýritjakkana en þeim er komið fyrir á fram- og afturásum lyftarans á þann hátt að stýrishornið er í hlutfalli við hvernig stýrishjólinu er snúið.
Akstursheimlafetillinn er tengdur við hemladælu sem myndar þrýsting í samræmi við hve fast er stigið á fetilinn og knýr vökvaþrýsting sem virkar á hemladiska akstursheimlanna (vothemla) sem eru innan á framásnum og virkar á innri sköft ássins.
Sama diskahemlasett er notað af stöðuhemlinum gegnum rofa í mælaborði ökumannshússins.
Ökumannshúsið er alveg lokað og með framrúðu og gler til að hlífa ökumanni og gefa honum sem best útsýni.

Lýsing lyftarans

Ökumaðurinn situr í bólstruðu og stillanlegu sæti og stjórnar lyftaranum með stjórntækjum sem er komið fyrir inni í ökumannshúsinu.
Sérstakt mælaborð er útbúið með öllum nauðsynlegum stjórntækjum og mælum til að hægt sé að stjórna lyftaranum rétt og örugglega.

Lýsing lyftarans

Almenn lýsing lyftarans GTH-3007

Helstu hlutar lyftarans eru færanlegur undirvagn sem er útbúinn með ökumannshúsi og skotbómu með sveigjanlegum útbúnaði til að meðhöndla farm sem ekki er þyngri en afkastageta lyftarans segir til um.
Vélræn orka sem er nauðsynleg til að knýja lyftarann og búnaðinn fyrir meðhöndlun á farmi er fengin með dísilvél sem er ísett hægra megin á lyftaranum og stjórnað af eldsneytisgjöf sem er inni í ökumannshúsinu. Dísilolían sem knýr vélina er geymd í plasttanki sem er aftan á undirvagninum, beint fyrir neðan liðamótin á skotbómunni. Vélin knýr tvær vökvadælur.
Stærri dælan er bulluknúin dæla með breytilegt slagrými og er tengd beint við kasthjólshúsið og er tengd með vökvabúnaði við bulluknúinn mótor með breytilegt slagrými sem myndar nauðsynlegt snúningsátak fyrir kraftyfirfærslu lyftarans.
Þessar tvær dælur eru helstu hlutar vökvaknúinnar skiptingar sem er vélrænt tengd við ása og hjól lyftarans. Í meginatriðum er vökvamótorinn tengdur beint við vélrænan tveggja-gíra gírakassa við miðjan framáslinn sem er síðan tengdur við afturásinn og þannig myndast 4X4 drif á öllum hjólum.
Öll fjögur hjólin eru með hjólbarða sem henta til notkunar á lyftaranum við allar þær vinnuaðstæður sem þessi gerð er hugsuð fyrir og geta borið hámarkshleðslu sem myndast af þyngd lyftarans og farmþunga hans.
Seinni tannhjólaknúna dælan er tengd beint aftan við þá stærri og er vélrænt tengd við hana með drifskafti og myndar hún flæði og þrýsting til að knýja skotbómuna og búnaðinn til að meðhöndla farm með aukabúnaði og knýja stjórnkerfi lyftarans.
Þessar tvær dælur eru tengdar við olíusogleiðslur sem eru í sambandi við glussaolíutank undir miðjum undirvagni lyftarans.
Þessi tankur sem er úr stáli er einnig með olíusíukerfi (útskiptanlegt) vísa fyrir olíustöðu og olíulok.
Vélinni og dælunum tveimur er komið fyrir í hentugu vélarrými sem samanstendur af neðra hólfi úr stáli og efri hluta sem er vélarhlíf og hægt er að opna vegna þjónustuverka í vélarrýminu.
Vélarrýmið er einnig með kæli fyrir vélina og vökvakerfið, þenslutank kælikerfisins, loftinntak og loftsíu, rafal, rafgeymi og síur fyrir eldsneyti og vélarolíu. Hljóðkútur í afgaskerfi er á bak við vélarrýmið og felldur inn í hægri hlið undirvagnsins.

Skotbóman sem er tengd með hjörum aftan á undirvagninum er aðallega gerð úr tveimur stálprófílum með ferkantað þversnið og með búnað til meðhöndlunar á farmi til að koma farmi fyrir og taka hann niður svo og flytja hann milli staða.
Ytri hlutinn er festur með hjörum ofarlega aftan á undirvagninum og hún er færð til með vökvatjakki sem er tengdur milli neðra yfirborðs hans og botns undirvagnsins fyrir miðju.
Þegar þessi tjakkur færist út og inn veldur hann því að ytri hluti bómunnar snýst milli markanna bóma upp og bóma niður.
Innri hluti bómunnar getur framlengst með tilliti til þeirrar ytri með skotbómutjakki sem er komið fyrir innan í bómunni.
Efst á innri hlutanum er komið fyrir framlengingu með búnaði til að meðhöndla farm með snúningsfestingu sem auðvelt er að tengja við margvíslegan aukabúnað og sem er knúinn af sérstökum tjakki.
Auðvelt er að skipta um mismunandi gerðir af aukabúnaði fyrir lyftarann og er hann tryggður með vélknúnum læsipinna (staðalbúnaður) eða með vökvaknúnum læsi/aflæsitjakk.
Bómutjakkarnir sem lýst er hér að framan eru knúnir gegnum aðalloka sem er rafstýrt með stýripinna sem er í ökumannshúsinu. Önnur helstu stjórntæki sem eru í ökumannshúsinu eru stýri (til að stýra lyftaranum), akstursheimill og rofi til að virkja stöðuhemilinn.
Stýrishjólið er tengt vélrænt við stýrieiningu sem knýr stýritjakkana en þeim er komið fyrir á fram- og afturásum lyftarans á þann hátt að stýrishornið er í hlutfalli við hvernig stýrishjólinu er snúið.
Akstursheimlafetillinn er tengdur við hemladælu sem myndar þrýsting í samræmi við hve fast er stigið á fetilinn og knýr vökvaþrýsting sem virkar á hemladiska akstursheimlanna (vothemla) sem eru innan á framásnum og virkar á innri sköft ássins.
Sama diskahemlasett er notað af stöðuhemlinum gegnum rofa í mælaborði ökumannshússins ásamt skiptirofa fyrir rafrænan tveggja gíra gírkassa.
Ökumannshúsið er alveg lokað og með framrúðu og gler til að hlífa ökumanni og gefa honum sem best útsýni.

Lýsing lyftarans

Ökumaðurinn situr í bólstruðu og stillanlegu sæti og stjórnar lyftaranum með stjórntækjum sem er komið fyrir inni í ökumannshúsinu.
Sérstakt mælaborð er útbúið með öllum nauðsynlegum stjórntækjum og mælum til að hægt sé að stjórna lyftaranum rétt og örugglega.

Lýsing lyftarans

Leyfileg notkun

Vörulyftararnir hafa verið hannaðir og framleiddir til að lyfta, meðhöndla og flytja til afurðir úr landbúnaði og iðnaði með notkun sérstaks aukabúnaðar sem framleiddur er af TEREXLIFT (sjá kaflann "**Valkvæður aukabúnaður**").
Öll önnur notkun telst andstæð tilætluðum tilgangi og er því óviðeigandi.
Skilyrði fyrir því að notkun tækisins sé leyfð er að farið sé í einu og öllu að í samræmi við þá notkun, viðhald og viðgerðir lyftarans sem framleiðandi tilgreinir.
Aðeins þeir starfsmenn sem eru kunnugir einkennum lyftarans og öryggisreglna í sambandi við hann skulu nota og þjónusta hann.
Einnig er skilyrði að farið sé að í samræmi við löggjöf um öryggi á vinnustað, að sinnt sé varúðarráðstöfunum varðandi öryggi og heilsuvernd svo og öllum staðbundnum og innlendum umferðarreglum.
Lyftarann má nota í íbúðar- og iðnaðarhverfum, léttum iðnaði og iðnaði.

AÐVÖRUN

Algerlega er bannað að gera breytingar á lyftaranum eða framkvæma önnur inngrip en í sambandi við reglubundið viðhald hans. Allar breytingar á lyftaranum sem ekki eru framkvæmdar af TEREXLIFT eða samþykktum stuðningsaðila leiðir sjálfkrafa til ógildingar á samræmisyfirlýsingu lyftarans skv. tilskipun 2006/42/EC.

TILKYNNING

Vinsamlegast athugið þann aukabúnað sem fáanlegur er fyrir lyftarann.

Óviðeigandi notkun


Óviðeigandi notkun merkir notkun lyftarans miðað við vinnureglur sem ekki eru í samræmi við fyrirmæli í þessari handbók og það getur almennt valdið hættu fyrir bæði ökumenn og vegfarendur.

HÆTTA

Hér eru tilgreindar algengustu og hættulegustu aðstæður í sambandi við óviðeigandi notkun:

- ***Flutningur farþega á lyftaranum***
- ***Ekki er farið nákvæmlega að í samræmi við leiðbeiningarnar um viðhald í þessari handbók***
- ***Notkun út yfir afkastamörk lyftarans***
- ***Notkun á óstöðugum brúnum skurða***
- ***Akstur þvert á brekkur eða hæðir***
- ***Vinna í stormi***
- ***Vinna í bröttum brekkum***
- ***Notkun aukabúnaðar annars en þess sem mælt er með***
- ***Notkun aukabúnaðar sem ekki er samþykktur eða beinlínis framleiddur af TEREXLIFT***
- ***Vinna á svæðum þar sem sprengihætta gæti verið til staðar***
- ***Vinna í innilokuðum eða illa loftræstum rýmum.***
- ***Vinna á svæði þar sem er léleg lýsing.***

Stjórnbúnaður og mælar



1. Fersloftslúga
2. Drifstillistöng fyrir áfram/afturábakgír - Flauta
3. Hallastilling stýrissúlu
4. Stefnuljós - Rúðuþurrka - Ljós
5. Kveikjurofi
6. Hleðsluálagsvísir
7. Neyðarstöðvunarrofi
8. Aðvörunarblikkljós
9. Fjölnota stjórnstöng
10. Eldsneytisgjöf
11. Mælaborð
12. Stillihnappur fyrir miðstöð
13. Var- og rafliðatafla
14. Hólf fyrir hleðslutöflur
15. Rofi fyrir aftengingu hleðslutakmörkunar
16. Akstursheimlar
17. Geymir fyrir rúðuvökva
18. Viðnám fyrir stöðugt gegnumflæði olíu

Stjórnbúnaður og mælar


■ Kveikjurofi

Rofi með þrjár stillingar:

0 Engin spenna á rásum, hægt að taka lykilinn úr og vélin stöðvast

1 Rafspenna á rásum, forstilling fyrir ræsingu vélar. Stjórntæki og mælar eru virkir. Viðvörunarljós **11.13** sýnir að glóðarkerti forhitunar eru virk. Bíðið þar til ljósið slokknar áður en vélin er ræst.

2 Vélin í ræsingu; þegar lyklinum er sleppt snýst lykillinn sjálfkrafa til baka í stellingu **1**.




■ 2 Drifstillistöng fyrir áfram/afturábakgír

Rofi með þrjár stillingar með lás í hlutlausri stöðu:

0 Hlutlaus staða; enginn gír valinn


1 Færið stöngina í stöðu 1 til að velja gír áfram

2 Færið stöngina í stöðu 2 til að velja gír afturábak



■ Flauta:

Þegar ýtt er á enda stangarinnar fer flautan í gang óháð öðrum forstilltum aðgerðum.




Stjórnbúnaður og mælar

4 Stefnuljós - Rúðuþurrka - Ljós

Framrúðusprauta:

Ýtið ytri hluta stangarinnar inn til að beina vatnsbunu á rúðu ökumannshússins.




Framrúðuþurrka:

Framrúðuþurrkan er notuð með því að snúa enda sveifarinnar í eina af þremur stellingum:

0 þurrkan OFF

I Lítill hraði

II Mikill hraði




Ljós:

Kveikt er á ljósum lyftarans með því að toga sveifina lárétt í þrjár mismunandi stillingar:

0 lág ljós ON, lýsa stöðugt


1 há ljós ON, lýsa stöðugt

2 há ljós notuð til að blikka; þegar sveifinni er sleppt skreppur hún aftur í stellingu **0**



Stefnuljós:

Stillið sveifina í staðsetningu **1** til að gefa til kynna beygju til vinstri og í staðsetningu **2** til að gefa til kynna beygju til hægri.



Stjórnbúnaður og mælar

■ Hemlar

16 Akstursheмlafetill


Stígið varlega á hemlafetilinn til að hægja á lyftaranum og stöðva hann. Fetillinn virkar á framásinn.
Ef stigið er á hemlafetilinn í botn endurstillist slagrými afldrifsdælunnar og hemlunin verður mun öflugri.

19 Stöðuhemill

Stöðuhemillinn er af neikvæðri gerð sem felst í því að hann verður virkur sjálfkrafa þegar vélin er stöðvuð. Ef vél lyftarans er endurræst er stöðuhemillinn aflæstur með því að ýta á þrýstihnappinn **19**.
Til að stöðva lyftarann án þess að drepa á vélinni er ýtt á þrýstihnappinn **19** til að setja stöðuhemilinn á og ýta aftur á hann til að aftengja hemilinn.
Þegar vélin er gangsett kviknar á ljósi þrýstihnappsins! Appelsínugula ljósið efst á þrýstihnappnum og aðvörunarljósið í mælaborðinu gefa til kynna að stöðuhemillinn sé virkur.

⚠ VARÚÐ

Notið aldrei stöðuhemilinn til að hægja á lyftaranum nema um neyðarástand sé að ræða. Það gæti dregið úr afköstum hemlanna.



■ Stjórn á hraða

10 Eldsneytisgjöf

Þrýstingur hennar stjórnar snúningshraða vélarinnar og vinnslu lyftarans. Á honum neðanverðum er stillanlegt hak.

Þegar vélin er gangsett kviknar sjálfkrafa ljós á öllum þrýstihnöppunum!
Einungis ef kviknar á appelsínugula ljósinu ofan á hnappnum sést hvort kerfið sé virkt.

■ Vega-/vinnustaðarháttur

21 Rofi fyrir vega-/vinnustaðaháttur

Þrýstihnappur með appelsínugulan glæran topp með tvær stöðugar stillingar.




0 Vegastilling: stjórntæki skotbómunnar eru óvirk og aðeins stýring á tveimur hjólum virk.

1 Vinnustaðastilling: stjórntæki skotbómunnar og allir stýrishættir eru virkir.

TILKYNNING

Áður en stillt er í vegahátt þarf að jafna afturhjól lyftarans



Stjórnbúnaður og mælar

■ Stjórn á hraða (aðeins á GTH-3007)

29 Rofi fyrri gíra

Þrýstihnappur með rauðum glærum toppi sem er notaður til að skipta í 1. eða 2. gír. Til að velja æskilegan hraða er ýtt á hnappinn, hvert skipti samsvara vali á nýjum gír.



0 engin hraðabreyting

1 Skipt í nýjan gír

Þetta val er gefið til kynna með aðvörunarljósunum **11.15** og **11.16** sem kvikna í samræmi við hvaða gír var skipt í (11.15 fyrir fyrsta gír; 11.16 (fyrir annan gír).




Til að velja nýjan hraða þarf að gæta að hvort lyftarinn sé ekki á hreyfingu og að valstöngin fyrir áfram/afturábak gírinn sé í hlutlausri stöðu.

■ Val á stýrishætti

20 Rofi fyrir stýrishátt

Þriggja staðsetninga rofi til að velja stýrishátt:



1 Stýring á fjórum hjólum

0 Stýring á tveimur hjólum

2 Krabbastýring

Sjálfvirkur vísir fyrir samsíða jöfnun afturhjóla (valkvæður)

Þessi skynjari er tengdur við aðvörunarljós **11.12** og sýnir hvenær afturhjólin eru jöfnuð samsíða.

Stillið rofann fyrir stýrishátt í stillingu 0 og snúið stýrishjólinu: þegar afturhjólin eru jöfnuð samsíða **11.12**kviknar á appelsínugula aðvörunarljósinu.

■ Stöðugt gegnumflæði olíu

HÆTTA

Stillið viðnám fyrir stöðugt gegnumflæði olíu í miðstellingu áður en ýtt er á gegnumflæðishnappinn

18 Viðnám fyrir stöðugt gegnumflæði olíu

Með því að snúa viðnáminu réttsælis breytist flæðið í rásinni sem veitir olíu í leiðslurnar fyrir hreyfingar aukabúnaðar í aðra hvora áttina.



22 Gegnumflæðishnappur

HÆTTA


Athugið hvort leiðslur séu rétt tengdar við aukabúnaðinn áður en kerfið fyrir stöðugt gegnumflæði olíu (hnappur + viðnám) er virkjað. Kerfið fyrir stöðugt gegnumflæði olíu getur valdið því að aukabúnaðurinn aftengist af slysni ef aukabúnaðurinn er tengdur við hraðtengingar tjakkinn en öryggispinninn er ekki rétt festur.

Þrýstihnappur með appelsínugulan glæran topp með tvær stöðugar stillingar. Ýtt er á þennan hnapp til að stilla vökvarásina sem knýr aukabúnaðinn með viðbótarleiðslum.



0 Ekkert olíuflæði

1 Stöðugt olíuflæði til aukabúnaðarins sem er í notkun.




Stjórnbúnaður og mælar

■ Öryggis- og neyðarútbúnaður

8 Rofi fyrir aðvörunarblikkljós

Rofinn er með af-á stillingu, hann kveikir á báðum stefnuljósum samtímis. Þegar kveikt er á aðvörunarblikkljósinu byrjar rofinn og stefnuljósin að blikka.



7 Neyðarstöðvunarrofi

Ef ýtt er á þennan rofa stöðvast vél lyftarans. Áður en lyftarinn er gangsettur á ný þarf að endurstilla þrýstirofann með því að snúa honum réttsælis.




15 Rofi fyrir aftengingu hleðslutakmörkunar

Aftenging hleðslutakmörkunar er aftengd með lykilvalrofanum undir hlífinni **15**, sjá sérstakan lið í „Notendaleiðbeiningunum“.

HÆTTA

Ef kerfið fyrir hleðslutakmörkun er aftengt getur það valdið því að lyftarinn velti og alvarlegt líkamstjón hljótist af.



Stjórnbúnaður og mælar

■ Önnur stjórntæki

23 Rofi á viftu miðstöðvarinnar
Rofi með þrjár stillingar:



0 Viftan OFF

1 Lágur hraði

2 Hár hraði

24 Ökuljósarofi
Rofi með þrjár stillingar hægra megin á mælaborðinu:



0 ljós OFF

1 Staðsetningarljós ON

2 Lág ljós ON

30 Vinnuljósarofi (VALKOSTUR)
Rofi með tvær stillingar:



0 ljós OFF

1 ljós ON

31 Rofi loftkælingar (VALKOSTUR)
Rofi með tvær stillingar:



0 loftkæling OFF

1 loftkæling ON


32 Aukavökvarás (VALKOSTUR)
Rofi með tvær stillingar. Ef þrýst er á þennan rofa tengist vökvarás fyrir hreyfingar aukabúnaðar sem er með viðbótar vökvaleiðslur.




0 Olía til stýritjakks aukabúnaðar

1 Olía til aukabúnaðar

12 Stillihnappur fyrir miðstöð
Hnappurinn er neðst á sökkli ökumannssætisins, með honum er stillt innstreymi heits lofts inn í ökumannshúsið.





Stjórnbúnaður og mælar

■ Mælar

25 Hitastig á kælivökva

Þessi mælir sýnir hitastigið á kælivökva vélarinnar. Ef örin er á rauða svæðinu og aðvörunarljósið lýsir þarf að stöðva lyftarann og finna og lagfæra vandamálið.

26 Hitastig á glussaolíu


Þessi mælir sýnir hitastigið á glussaolíunni í geyminum. Ef hitastigið fer upp yfir leyfilegt gildi og aðvörunarljósið lýsir þarf að stöðva lyftarann og finna og lagfæra vandamálið.

27 Eldsneytismælir

Mælirinn sýnir eldsneytisstöðu í tanknum.
Ef staðan er lág (varaforði) kviknar á viðkomandi aðvörunarljósi.

28 Tímamælir

Sýnir heildarnotkun lyftarans í klukkustundum. Notið tímamælinn til að meta hvenær á að framkvæma reglubundin viðhaldsverk.



Stjórnbúnaður og mælar

■ Aðvörunarljós (tilv. 11)

11.1 Aðvörunarljós - lág hleðsla á rafgeymi
Sýnir að rafallinn hleður með lágri spennu.

11.2 Aðvörunarljós - lágur þrýstingur á vélarolíu
Ljósið logar ef olíuþrýstingur er of lágur.

11.3 Aðvörunarljós - stífla í loftsíu
Ef ljósið lýsir þarf að þrífa eða skipta um loftsíuhylki.

11.4 Aðvörunarljós - lágur hemlaþrýstingur
Ljósið logar þegar þrýstingurinn í hemlakerfinu er of lágur til að það geti starfað eðlilega.

11.5 Aðvörunarljós - stöðuhemill virkur
Þegar ljósið logar sýnir það að stöðuhemillinn sé virkur.

11.6 Aðvörunarljós - hár hiti á kælivökva
Þetta rauða ljós kviknar til að var við þegar hitastig kælivökvans er of hátt. stöðvið vélina og finnið og lagfærið vandamálið.

11.7 Aðvörunarljós -háljós virk
Blátt aðvörunarljós sem sýnir að háu ljósin séu ON.

11.8 Aðvörunarljós - stífla í glussaolíusíu
Ef þetta ljós kviknar þarf án tafar að skipta um olíusíu á bakflæðisleiðslunni til geymisins.

11.9 Aðvörunarljós - lágur þrýstingur á glussaolíu
Þetta ljós kviknar til að vara við lágum þrýstingi í glussaolíukerfinu þannig að það starfi rétt. Fyllið á og lagfærið olíulekann.

11.10 Almennt aðvörunarljós
Þetta rauða ljós kviknar til að vara við vandamáli við lyftarann. Hafið samband við þjónustudeild TEREXLIFT.

11.11 Aðvörunarljós - lág eldsneytisstaða
Ef staðan er lág (varaforði) kviknar á viðkomandi aðvörunarljósi.

11.12 VALKVÆTT Aðvörunarljós - afturhjól jöfnuð
Þegar þetta ljós er ON sýnir það að afturhjólin eru jöfnuð.


11.13 Aðvörunarljós - forhitun glóðarkerta
Ljósið kviknar meðan glóðarkertin eru að hitna.

11.14 Aðvörunarljós -lág ljós
Grænt aðvörunarljós sýnir þegar lágu ljósin eru ON.

11.15 Aðvörunarljós -fyrsti gír
(aðeins á GTH-3007)
Gulbrúnt aðvörunarljós sýnir þegar skipt hefur verið í fyrsta gír.

11.16 Aðvörunarljós -annar gír
(aðeins á GTH-3007)
Gulbrúnt aðvörunarljós sýnir þegar skipt hefur verið í annan gír.


06.01 Almennt viðvörunarljós fyrir hleðslutakmörkun
Þetta rauða ljós kviknar til að vara við vandamáli í sambandi við yfirálagskerfið ásamt viðvörunarljósi **L8** sem er á skjá hleðslutakmörkunarinnar.



Stjórnbúnaður og mælar

STJÓRNSTÖNG

Lyftararnir eru með fjölnota rafeindastýrðan stýripinna **9** og með honum er nægt að stýra öllum hreyfingum lyftarans.
Stýripinninn er staðsettur hægra megin við ökumannssætið. Framan á stýripinnanum er virknihnappur **3** sem þarf að halda niðri þar til hreyfingunni er lokið. Ef þessum hnappi er ekki haldið niðri er sama í hvaða stellingu stýripinnanum er ýtt, hann virkar ekki. Ef stýripinninn er færður í hinar fjórar höfuðáttir (áfram/afturábak, hægri/vinstri) stýrir hann lyftingu/lækkun skotbómunnar og halla festigrindarinnar fram og aftur. Ef rúllunni **2** er snúið eða ýtt á hnappinn **1** er hægt að stjórna útskoti/samdrætti bómunnar og tenging/losun aukabúnaðarins.



Grípið með réttum hætti um stýripinnann og færið hann til varlega.
Hraði hreyfinganna á virkniskynjurunum fer eftir staðsetningu stýripinnans: lítil hreyfing veldur hægri hreyfingu á skynjurunum; og öfugt, hreyfing stýripinnans eins og hægt er í eina átt samsvarar hámarkshraða skynjarans.



TILKYNNING

Aðeins skal nota stýripinnann ef ökumaðurinn situr með réttum hætti í ökumannssæti sínu.

AÐVÖRUN


Áður en stýripinninn er notaður þarf að gæta að því hvort nokkur aðili sé í grennd við vinnslusvæði lyftarans.


Stjórnbúnaður og mælar


■ Val á aðgerðum


Þegar ýtt hefur verið á virknihnappinn **3** er hægt að nota stýripinnann til að stjórna eftirfarandi aðgerðum:

- **Lyfta/lækka skotbómuna**
  Færið stýripinnann á **A** eða **B**
- **Daga skotbómuna inn/út**
  færið rúlluna **2** á **A** eða **B** án þess að hreyfa stýripinnann
- **Halla aukabúnaði aftur/fram**
  Færið stýripinnann á **C** eða **D**
- **tengja/aftengja aukabúnað (*valkvætt*)**
  Ýtið á hnappinn **1** og færið pinnann í stellingu **C** eða **D**









Stjórnbúnaður og mælar


■ Lyfta/lækka skotbómuna


HÆTTA

Áður en bóman er færð þarf að gæta að því hvort nokkur aðili sé í grennd við vinnslusvæði lyftarans.

Til að lyfta bómunni eða lækka hana:

- Færið stýripinnann í miðstillingu og ýtið á hnappinn **3**.
- Færið stýripinnann mjúklega í stellingu **B** til að lyfta bómunni **A** til að lækka hana.





Stjórnbúnaður og mælar


■ Bóman dregin ú/inn


⚠ HÆTTA

Áður en bóman er færð þarf að gæta að því hvort nokkur aðili sé í grennd við vinnslusvæði lyftarans.

Til að færa útdraganlega hluta skotbómunnar eða draga þá inn:

- Færið stýripinnann í miðstillingu og ýtið á hnappinn **3**.
- Færið rúlluna **2** í staðsetningu **A** til að draga bómuna út eða í staðsetningu **B** eða færa hana inn, án þess að hreyfa stýripinnann.





Stjórnbúnaður og mælar


■ Festigrindinni fyrir aukabúnað hallað áfram og afturábak


⚠ HÆTTA

Áður en bóman er færð þarf að gæta að því hvort nokkur aðili sé í grennd við vinnslusvæði lyftarans.

Til að halla festigrindinni fyrir aukabúnað áfram og afturábak þarf að:

- Færa stýripinnann í miðstillingu og ýtið á hnappinn **3**.
- Færa sveifina í staðsetningu **D** til að halla festigrindinni í staðsetningu og í staðsetningu **C** til að halla henni afturábak.





Stjórnbúnaður og mælar


■ Tengja/aftengja aukabúnað (*valkvætt*)


HÆTTA


Áður en bóman er færð þarf að gæta að því hvort nokkur aðili sé í grennd við vinnslusvæði lyftarans.

Til að tengja eða losa aukabúnaðinn þarf að:

- Færa stýripinnann í miðstillingu og ýtið á hnappinn **3**.
- Ýtið á hnappinn **1** og færið stýripinnann í stellingu **C** til að tengja aukabúnaðinn eða í stellingu **D** til að losa hann.







auð síða

Skoðun



Gætið að eftirfarandi:

☑ Að þið kynnið ykkur og farið eftir helstu reglum um örugga notkun lyftarans sem er að finna í þessari notendahandbók.

1 Forðist hættulegar aðstæður.

2 Framkvæmið alltaf forskoðun áður en notkun hefst.

Lesið og gerið ykkur grein fyrir öryggisleiðbeiningunum áður en farið er í næsta kafla.

3 Framkvæmið alltaf virkniprófanir áður en notkun hefst.

4 Athugið vinnusvæðið.

5 Notið aðeins lyftarann eins og ætlast var til.

Grundvallaratriði um skoðun fyrir notkun

Það er á ábyrgð ökumannsins að gera skoðun fyrir notkun og sinna reglubundnu viðhaldi.

Forskoðun fyrir notkun er sjónræn skoðun sem ökumaðurinn framkvæmir fyrir hverja vinnuvakt. Skoðunin er ætluð til að komast að því hvort eitthvað sé sýnilega að lyftaranum áður en ökumaðurinn framkvæmir virkniprófin.

Forskoðunin er einnig til að athuga hvort sinna þurfi reglubundnu viðhaldi. Ökumaðurinn skal aðeins framkvæma þau viðhaldsverk sjálfur sem tilgreind eru í þessari handbók.

Sjá listann á næstu síðu og merkið við hvert atriði.

Ef í ljós koma skemmdir eða einhver óleyfileg frávik frá því ástandi sem var við afhendingu lyftarans þarf að merkja lyftarann og taka hana úr notkun.

Aðeins þjálfaðir þjónustutæknimenn mega sinna viðgerðum á lyftaranum í samræmi við fyrirmæli framleiðanda. Þegar viðgerðum er lokið þarf ökumaðurinn að gera forskoðun aftur áður en virkniprófin eru framkvæmd.

Þjálfaðir þjónustutæknimenn skulu sinna reglubundnu viðhaldi á lyftaranum í samræmi við fyrirmæli framleiðanda.

Skoðun

■ FORSKOÐUN FYRIR NOTKUN

- Gangið úr skugga um að notendahandbók ökumanns sé ósköddud, læsileg og henni komið fyrir í sérstöku hólfi í lyftaranum.
- Gætið þess að allir merkimiðar séu sínum stað og læsilegir. Sjá kaflann „**Merkimiðar og plötur sem settar eru á lyftarann**.“
- Gætið að olíuleka á vélinni og réttri olíustöðu. Fyllið á ef með þarf. Sjá einnig kaflann „**Viðhald**“.
- Gætið að olíuleka á ásum og réttri olíustöðu. Fyllið á ef með þarf. Sjá einnig kaflann „**Viðhald**“.
- Gætið að olíuleka á glussaolíu og réttri olíustöðu. Fyllið á ef með þarf. Sjá einnig kaflann „**Viðhald**“.
- Gætið að leka á kælivökva og réttri stöðu hans. Bætið við kælivökva ef með þarf. Sjá einnig kaflann „**Viðhald**“.
- Gætið að leka á rafvökva og réttri vökvastöðu hans. Bætið við eimuðu vatni eftir þörfum. Sjá einnig kaflann „**Viðhald**“.

Farið yfir eftirfarandi hluti og eða svæði varðandi skemmdir, hluti sem vantar eða eru settir á með röngum hætti eða óleyfilegar breytingar:

- hluta rafkerfisins, rafleiðslur og lagnir
- glussaolíuleiðslur, tengi, tjakka og aðalloka
- eldsneytistanka og olíugeyma
- vökvadælu og vél svo og drifása
- stýribúnað
- hemlabúnað
- rennibrautir skotbómunnar
- hreinar rúður, ljós og baksýnisspeglar
- vél og viðkomandi hluti
- flautu
- ljós
- stjórntæki kveikjunnar
- bolta, rær og aðrar festingar

Farið yfir allan lyftarann til að aðgæta:

- sprungur á suðum eða burðarbitum
- beyglur eða skemmdir á lyftaranum

* Gangið úr skugga um að allir burðarhlutar og lyftarans og aðrir mikilvægir hlutir hans séu til staðar og viðeigandi festingar settar á og hertar með réttum hætti.
* Eftir skoðun þarf að gæta að því að allar hlífar fyrir hólfum lyftarans séu á sínum stað og lokaðar.

⚠ AÐVÖRUN

Hefjið ekki störf jafnvel þótt aðeins ein skemmd eða bilun finnist. Stöðvið lyftarann og gerið við bilunina.

Athugun á hjólbörðum

* Athugið réttan loftþrýsting í hjólbörðum, sjá liðinn „**Hjólbarðar og hjól**“ í kaflanum um viðhald.
* Gangið úr skugga um að mynstur hjólbarðanna sé ekki skorið eða slitið.

⚠ AÐVÖRUN

Ef hjólbarði springur getur það valdið alvarlegu líkamstjóni; aldrei skal nota lyftarann ef hjólbarðarnir eru slitnir, ekki með réttan loftþrýsting eða eru skemmdir.

TILKYNNING

Ef nota á lyftarann í grennd við sjó eða við svipaðar aðstæður þarf að verja hann gegn salti með fullnægjandi meðferð gegn áhrifum salts til að koma í veg fyrir að hann ryðgi.

Skoðun

■ GRUNDVALLARATRIÐI Í VIRKNIPRÓFUNUM

Virkniprófanirnar eru hannaðar til að leiða í ljós bilanir áður en lyftarinn er tekinn í notkun. Ökumaðurinn þarf að fylgja leiðbeiningunum skref fyrir skref til að prófa öll virkniatriði lyftarans. Aldrei má nota lyftara sem er bilaður. Ef bilanir finnast þarf að merkja lyftarann og taka hann úr notkun. Aðeins þjálfaðir þjónustutæknimenn mega sinna viðgerðum á lyftaranum í samræmi við fyrirmæli framleiðanda. Þegar viðgerðum er lokið þarf ökumaðurinn að gera forskoðun svo og virknipróf áður en lyftarinn er tekinn í notkun.

Gætið að eftirfarandi:

☑ Þið kynnið ykkur og farið eftir helstu reglum um örugga notkun lyftarans sem er að finna í þessari notendahandbók.

1 Forðist hættulegar aðstæður.

2 Framkvæmið alltaf forskoðun áður en notkun hefst.

Lesið og gerið ykkur grein fyrir öryggisleiðbeiningunum áður en farið er í næsta kafla.

3 Framkvæmið alltaf virkniprófanir áður en notkun hefst.

4 Athugið vinnusvæðið.

5 Notið aðeins lyftarann eins og ætlast var til.

■ PRÓFANIR

1 Veljið svæði fyrir prófunina sem er traust, slétt og án hindrana. Gætið þess að ekki sé farmur á göfflum eða aukabúnaði.

2 Farið inn í ökumannshúsið og setjist í sætið.

3 Festið sætisbeltið.

4 Stillið alla spegla. Sjá kaflann „Stilling á speglum“.

5 Gætið þess að stöðuhemillinn sé virkur og drifstillistöngin stillt í hlutlausa stöðu.

6 Ræsið vélina. Sjá liðinn „**Vélin ræst**“ í kaflanum Leiðbeiningar um notkun.

■ Prófið stýripinnann (haldið alltaf niðri virknihnappinum 3)

7 Notið stýripinnann til að lyfta og lækka skotbómuna örstutta stund, halla göfflunum upp og niður.

⊙ Niðurstaða: Allar aðgerðir eiga að fara liðlega fram.

8 Notið stýripinnann og gula hnappinn til að draga skotbómuna út og inn í stutta stund.

⊙ Niðurstaða: Aðgerðin á að fara liðlega fram.

9 Notið stýripinnann og hvíta hnappinn til að læsa og aflæsa aukabúnaðinum í stutta stund.

⊙ Niðurstaða: Aðgerðin á að fara liðlega fram.

■ Prófun á stýri

10 Ýtið á hægri hlið stýrisvalrofans til að velja stýringu fyrir fjögur hjól.

11 Athugið virkni stýringarinnar með því að snúa stýrishjólinu um ¼ úr snúning í hvora átt.

⊙ Niðurstaða: Framhjólin eiga að beygja í sömu átt og stýrishjólið. Afturhjólin eiga að beygja í gagnstæða átt.

12 Réttið hjólin af.

13 Ýtið stýrisvalrofanum í miðstöðu til að velja stýringu fyrir tvö hjól.

14 Athugið virkni stýringarinnar með því að snúa stýrishjólinu um ¼ úr snúning í hvora átt.

⊙ Niðurstaða: Framhjólin eiga að beygja í sömu átt og stýrishjólið. Afturhjólin eiga ekki að beygja.

15 Réttið hjólin af.

16 Ýtið á vinstri hlið stýrisvalsrofans til að velja krabbastýringu.

17 Athugið virkni stýringarinnar með því að snúa stýrishjólinu um ¼ úr snúning í hvora átt.

⊙ Niðurstaða: Framhjólin og afturhjólin eiga að beygja í sömu átt og stýrishjólið.

Athuganir

■ Prófun á drifi og hemlum

18 Gætið þess að bóman sé í lægstu stöðu og alveg inndregin.

19 Stígið á akstursheimlafetilinn.

20 Færið drifstillistögnina fram á við. Sleppið hemlafetlinum varlega. Þegar lyftarinn fer af stað skal stíga á akstursheimlafetilinn.

⊙ Niðurstaða: Lyftarinn á að hreyfast áfram og síðan nema snögglega staðar.

21 Færið drifstillistöngina aftur á við. Sleppið hemlafetlinum varlega. Þegar lyftarinn fer af stað skal stíga á akstursheimlafetilinn.

⊙ Niðurstaða: Lyftarinn á að hreyfast afturábak og síðan nema snögglega staðar. Aðvörunarhljóðmerki fyrir akstur afturábak á að heyrast þegar drifstillistöngin er stillt á afturábak.

22 Færið drifstillistöngina í hlutlausa stöðu.

23 Ýtið ofan á stöðuhemilsrofann.

⊙ Niðurstaða: Rauða stöðuhemilsljósið á að loga til að sýna að stöðuhemillinn sé virkur.

24 Færið drifstillistöngina fram á við og síðan aftur á við.

⊙ Niðurstaða: Lyftarinn á ekki að hreyfast.

25 Ýtið neðan á stöðuhemilsrofann. Stöðuhemillinn er óvirkur þegar gaumljósið logar ekki.

■ Prófun á ökuljósum

26 Gangið úr skugga um að öll ljós séu í lagi.

■ ATHUGUN Á VINNUSTAÐ

⚠ AÐVÖRUN

Athugun á vinnustað gefur ökumanni tækifæri til að ákveða hvort vinnustaðurinn henti til að nota lyftarann með öruggum hætti. Ökumaðurinn þarf að framkvæma skoðunina áður en lyftarinn er fluttur á vinnustaðinn.
Það er á ábyrgð ökumanns að lesa og leggja á minnið allar hættur á vinnustaðnum, vera vakandi gagnvart þeim og forðast við flutning, uppsetningu og notkun lyftarans.

Gerið ykkur grein fyrir og forðist eftirfarandi hættulegar aðstæður:

- brúnir eða holur
- ójöfnur, hindranir eða rusl á jörðinni
- hallandi yfirborð
- óstöðugt eða sleipt yfirborð
- hindranir í lofti og háspennulínur
- hættulegir staðir
- yfirborð ekki nægilega traust til að bera allan þunga lyftarans
- vind og veðurskilyrði
- tilvist óæskilegra starfsmanna
- aðrar aðstæður sem gætu verið hættulegar

Leiðbeiningar um notkun

Í þessum kafla er lýst nokkrum aðferðum um örugga notkun lyftara með hefðbundna gaffla og leiðbeiningar gefnar þar að lútandi. Áður en mismunandi aukabúnaður er tekinn í notkun þarf að lesa kaflann „Aukabúnaður“ mjög vandlega.

⚠ AÐVÖRUN

Áður en lyftarinn er tekinn í notkun þarf að athuga vinnustaðinn og gæta að hugsanlega hættulegum aðstæðum. Gætið þess að engar holur, lausar brúnir eða rusl sé til staðar sem gæti valdið því að þið missið stjórn á lyftaranum.

⚠ HÆTTA

Gætið ýtrustu varúðar við vinnu í grennd við raflínur. Gætið að staðsetningu þeirra og tryggið að einginn hluti lyftarans sé að störfum í minna en 6 metra fjarlægð frá raflínunum.

⚠ AÐVÖRUN

Til að tryggja örugga notkun lyftarans þarf alltaf að athuga þyngd farmsins sem meðhöndla skal.

Leiðbeiningar um notkun

■ FARIÐ INN Í LYFTARANN

■ FARIÐ INN Í ÖKUMANNSHÚSIÐ


⚠ AÐVÖRUN

Gætið þess alltaf að hendur og skósólar séu hrein og þurráður en farið er inn í ökumannshúsið. Snúið alltaf að lyftaranum þegar farið er inn í hann og af honum og takið í viðkomandi handföng.

Ökumannshús lyftarans er með hurð á vinstri hlið.

Hurðin opnuð utan frá:

- Setjið lykilinn í skrána og opnið lásinn **1**.
- Ýtið á hnappinn **1** og opnið hurðina.




Hurðinni lokað innan frá:

Togið í hurðina af afli, hún læsir sér sjálf.

Hurðin opnuð innan frá:

- Ýtið á sveifina **2** til að opna hurðina alveg.
- Snúið handfangi **3** til að opna efri hluta hurðarinnar og læsa honum á sérstakri festingu.




⚠ VARÚÐ


Nauðsynlegt er að tryggja efri hluta hurðarinnar við afturhlutann eða festa hann við neðri hlutann á sömu hurðinni.

Hurð lokað sem er fest opinni stellingu:

- Ýtið á hnappinn **4** til að losa hurðina úr festingunni.




- Þegar hurðin hefur verið losuð er efri hluta hennar lokað með handfanginu **3**.



■ Ökumannshúsið yfirgefið í neyðartilfelli

Í neyðartilfelli getur ökumaðurinn notað fram- eða afturrúðuna sem örugga undankomustaði.
Afturrúðan er með handföng til að opna hana að hluta til. Þessi handföng eru læst með vængjaróm og hægt er að opna rúðuna alveg ef þær eru losaðar.
Framrúðan er með eitt handfang, **5**, og ef því er snúið getur ökumaðurinn komist þar út.



Leiðbeiningar um notkun

STILLING ÖKUMANNSSÆTISINS

Ef sætið er rétt stillt stuðlar það að því að aksturinn verði ökumanninum öruggur og þægilegur. Ökumannssæti lyftarans er með búnað til að stilla fjöðrun, hæð og fjarlægð frá stjórntækjunum.

- **Fjarlægð sætis frá stjórntækjum**
  Sætið er með stillingu til að renna því fram og aftur miðað við stýrissúluna.
  Sætið er stillt með því að toga í sveifina **1** út á við og ýta sætinu í æskilega átt. Sleppið síðan sveifinni og gangið úr skugga um að sætið sé læst á sínum stað.


- **Stilling á fjöðrun (valkvæð)**
  Hallið sveifinni **2** um 45° fram á við og snúið henni síðan réttsælis til að auka fjöðrun sætisins eða snúið henni rangsælis til að minnka fjöðrun sætisins. Þegar sætið hefur verið stillt á æskilega fjöðrun er sveifin sett aftur í upphafsstellingu sína.

- **Stilling á hæð (valkvæð)**
  Snúið hnúðnum **3** réttsælis til að hækka sætið; snúið honum rangsælis til að lækka það.

Sum sæti er hægt að stilla í þrjár mismunandi stellingar. Lyftið sætinu þar til smellur heyrist sem gefur til kynna að sætið er læst á sínum stað. Sætið er lækkað með því að lyfta því alveg upp til að losa læsinguna og sleppa sætinu síðan: það sígur til baka niður í neðstu stellingu.

⚠ VARÚÐ


- ***Sætið er aðeins ætlað fyrir einn einstakling.***
- ***Stillið ekki sætið meðan lyftarinn er á hreyfingu.***



SÆTISBELTIN SPENNT

Setjist rétt í sætið og:

- Öryggisbeltin eru með inndráttarbúnað. Beltið er fest með því að toga í flipann **1** og ýta honum inn í sylgjuna **2**.
  Beltið er losað með því að ýta á hnappinn **3** og taka flipann úr sylgjunni.
  Gætið þess að sylgjan sé rétt staðsett við mjöðm og á kvið.
- Notið stillingar á endunum til að ná þeirri lengd sem æskileg er og gætið þess að sylgjan sé ávallt fyrir miðju.



⚠ HÆTTA

Ef sætisbeltið er ekki spennt getur það leitt til banaslyss eða alvarlegs líkamstjóns.


Leiðbeiningar um notkun

■ 3 STÝRISSÚLA STILLING Á HALLA

Hægt er að stilla bæði stýrissúluna og mælaborðið með mismunandi halla.
Til að stilla hallann á stýrissúlunni þarf að losa sveifina **3** og toga eða ýta stýrishjólinu í rétta stellingu og læsa síðan handfanginu **3** á ný.

⚠ AÐVÖRUN

Gangið úr skugga um að stýrishjólið sé tryggilega fest áður en ekið er af stað.



■ KVEIKT Á INNILJÓSI ÖKUMANNSHÚSSINS

Loftljósið er fest á loftbitann aftast í ökumannshúsinu. Kveikt og slökkt er á ljósinu með rofa.


Leiðbeiningar um notkun

■ STILLING Á SPEGLUM


Lyftarinn er með fjóra spegla:


- Kúpti spegillinn hægra megin ❶ er á sérstakri festingu framarlega og er til að fylgjast með svæðinu Ⓐ aftan við lyftarann hægra megin. Spegillinn er stilltur með því að snúa honum til með hendinni á snúningsliðnum.
- Baksýnisspegillinn hægra megin ❷ er á sérstakri festingu og er til að fylgjast með akstursleiðinni Ⓑ aftan við lyftarann. Spegillinn er stilltur með því að snúa honum til með hendinni á snúningsliðnum.
- Baksýnisspegillinn vinstra megin ❸ er á vinstri gluggapósti framrúðunnar og er til að fylgjast með svæðinu Ⓒ aftan við lyftarann, vinstra megin. Spegillinn er stilltur með því að snúa honum til með hendinni á snúningsliðnum.
- Kúpti spegillinn að aftan ❹ er á sérstakri festingu aftan við bómuna og er til að fylgjast með svæðinu Ⓓ aftan við lyftarann og einnig aftari hluta undirvagnsins. Spegillinn er stilltur með því að snúa honum til með hendinni á snúningsliðnum.

GTH-2506



GTH-3007





⚠ HÆTTA


Breytingar á lyftaranum gætu haft áhrif á útsýni ökumannsins.

Leiðbeiningar um notkun

■ VÉLIN RÆST

Varðandi ræsingu við lágt hitastig sjá hlutann „**Ræsing við lágt hitastig**“.

- Setjið stöðuhemilinn á.
- Setjið drifstillistöngina í hlutlausan.
- Stígið á eldsneytisgjöfina.
- Ræsið vélina með því að snúa kveikjulyklinum í stöðu **2**. Sleppið lyklinum þegar vélin fer í gang. Ef vélin fer ekki í gang innan 20 sekúndna þarf að sleppa lyklinum og bíða í minnst 2 mínútur áður en reynt er aftur.



- Eftir að vélin fer í gang þarf að láta hana ganga í lausagangi í nokkrar sekúndur áður en skipt er í gír; þetta er til að hita upp vélarolíuna og stuðar að betri smurningu.
- Ef vélin hefur verið ræst með köplum þarf að fjarlægja þá (sjá næsta lið).

TILKYNNING

Ef gaumljósin kvikna ekki eða slokkna þegar vélin er komin í gang þarf að stöðva lyftarann án tafar og finna og lagfæra bilunina.

⚠ AÐVÖRUN

Þegar vélin er komin í gang heldur hún áfram í gangi þó farið sé úr ökumannssætinu. FARIÐ EKKI ÚR ÖKUMANNSÆTINU FYRR EN VÉLIN HEFUR VERIÐ STÖÐVUÐ, BÓMAN LÆKKUÐ NIÐUR AÐ JÖRÐ, DRIFSTILLISTÖNGIN STILLT Á HLUTLAUSAN OG STÖÐUHEMILLINN SETTUR Á.

⚠

Ekki er hægt að ræsa vélina ef drifstillistöngin er ekki í hlutlausri stöðu.

■ RÆSING MEÐ KÖPLUM

TILKYNNING

Ræsið ekki vélina með hraðhleðslutæki til að koma í veg fyrir skemmdir á rafrásum.

⚠ HÆTTA

Ef vélin er ræst með rafgeymi frá öðru ökutæki þarf að ganga úr skugga um að tækin snertist ekki til að koma í veg fyrir að neistar myndist. Rafgeymar gefa frá sér eldfimt gas og neisti gæti kveikt í því og valdið sprengingu.

Varist að reykja meðan staða rafvökvans er athuguð.

Látið ekki málmhluti svo sem beltissylgjur, málmarmbönd á úrum o.s.frv. snerta plúspól (+) rafgeymisins. Þessir hlutir geta myndað skammhlaup milli pólanna og málmhluta í grenndinni og ökumaðurinn gæti brennst.


Ræsigeymirinn þarf að hafa sömu spennu og afköst og rafgeymirinn sem er í lyftaranum.

Vélin ræst með köplum:

- Slökkvið á öllum tækjum með sérstökum rofum þeirra.
- Setjið drifstillistöngina í hlutlausan gír og setjið stöðuhemilinn á.
- Gætið þess að rafgeymir lyftarans **A** sé tengdur við jörð í grind, tengingarnar séu vel hertar og staða rafvökva sé eðlileg.

Leiðbeiningar um notkun

- Tengið rafgeymana tvo eins og sýnt er á myndinni. Tengið fyrst plúspóla beggja rafgeymanna saman, síðan mínuspól hleðslugeymisins **B** við jörð í grind lyftarans.
- Ef ræsigeymirinn er ísettur í öðru ökutæki þarf að tryggja að það komist ekki í snertingu við lyftarann. **Til að koma í veg fyrir skemmdir á rafbúnaði ökutækisins þarf að stöðva vél ökutækisins sem er með ræsigeyminn.**




- Snúið kveikjulyklinum og ræsið lyftarann.
- Aftengið kaplana. Fyrst skal taka kapalinn af mínuspól grindar í jörð, síðan af ræsigeyminum. Aftengið plústengið af rafgeymi lyftarans, síðan af ræsigeyminum.

HÆTTA

Aðeins skal nota 12V rafgeymi; annar búnaður eins og hleðslutæki fyrir rafgeyma o.s.frv. gætu valdið því að rafgeymirinn springi og um leið skemmdum á rafbúnaði lyftarans.

■ RÆSING VIÐ LÁGT HITASTIG

Ef ræsa þarf vélina við lágt hitastig skal nota olíu með SAE seigju sem hentar fyrir umhverfishitastigið. Sjá handbókina um notkun lyftarans og viðhaldshandbók.
Lyftarinn er afhentur með SAE 15W/40 vélarolíu.




Farið að sem hér segir þegar vélin er ræst í kulda:

- Setjið drifstillistöngina fyrir áfram/afturábakgír í hlutlausa stöðu.
- Snúið kveikjulyklinum á forhitun glóðarkerta: gaumljósið **11.13** logar. Stígið á eldsneytisgjöfina og ræsið vélina með því að snúa kveikjulyklinum. Sleppið kveikjulyklinum strax og vélin tekur við sér.
- Látið vélina ganga í lausagangi í nokkrar sekúndur áður en skipt er í gír; þetta er til að hita upp vélarolíuna og stuðar að betri smurningu.

Leiðbeiningar um notkun

■ RAFGEYMIRINN AFTENGDUR

Þegar unnið er við viðhald eða viðgerðir og við rafsuðu þarf að slökkva á meginrofa rafgeymisins Ⓐ sem er í vélarrýminu neðan við loftsíu vélarinnar.



■ LYFTARINN SETTUR AF STAÐ

Þegar vélin hefur náð vinnsluhitastigi þarf að gæta þess að allir hlutir séu í flutningsstellingu og drifstillistöngin stillt á hlutlausan gír. Farið síðan að sem hér segir:

- Veljið æskilegan stýrishátt.
- Veljið gír (áfram eða afturábak).
- Losið stöðuhemilinn.
- Stígið varlega á eldsneytisgjöfina og akið af stað.

⚠ AÐVÖRUN

Ekki skal nota drifstillistöngina meðan lyftarinn er á hreyfingu. Lyftarinn myndi skipta snögglega um akstursstefnu og valdið alvarlegu líkamstjóni.

TILKYNNING

Ef stöðuhemillinn er virkjaður meðan lyftarinn er í akstri án þess að drepið sé á vélinni er nægilegt að stíga á eldsneytisgjöfina til að fara aftur af stað.

■ LYFTARINN STÖÐVAÐUR OG HONUM LAGT

Stöðva skal lyftarann á þurrum, sléttum og traustum stað ef hægt er. Síðan:

- Látið lyftarann nema mjúklega til staðar með því að sleppa eldsneytisgjöfinni og stíga á hemlafetilinn.
- Setjið drifstillistöngina fyrir áfram/afturábakgír í hlutlausa stöðu.
- Setjið stöðuhemilinn á og gætið að hvort gaumljós hans logi.
- Stígið af aksturshemlinum.
- Látið aukabúnaðinn sem er tengdur við bómuna nema við jörð.
- Snúið kveikjulyklinum á „**0**“ og takið hann úr.
- Farið út úr ökumannshúsinu og læsið hurð þess.

⚠ AÐVÖRUN

Þegar farið er út úr ökumannshúsinu skal ávallt snúa að lyftaranum; gætið þess að hendur og skósólar séu hrein og þurr og takið í handföngin til að detta ekki eða renna til.

⚠ AÐVÖRUN

Alltaf skal setja á stöðuhemilinn eftir að lyftarinn hefur verið stöðvaður til að koma í veg fyrir hreyfingar lyftarans af slysni.

Leiðbeiningar um notkun


■ NOTKUN Á HLEÐSLUTÖFLUM


Hleðslutöflurnar **1** gefa upp hámark leyfilegs farmþunga með tilliti til útskots bómunnar og hvers konar aukabúnaður er notaður. Til að tryggja öryggi í notkun þarf ávallt að athuga þessar töflur.
Hægt er að aðgæta útskot bómunnar með bókstöfunum (**A**, **B**, **C**, **D**, **E**) sem málaðir eru á sömu bómu (staðsetning **3**), en raunverulegt hallahorn bómunnar er sýnt með hallavísinum **2.**
Allar hleðslutöflurnar eru staðsettar í sérstöku hólfi sem er vinstra megin í ökumannshúsinu. Merkið **4** sem er neðst á hverri hleðslutöflu sýnir hvaða aukabúnaður er notaður**.**

AÐVÖRUN

Hleðslutöflurnar sem eru í ökumannshúsinu vísa til lyftara í kyrrstöðu sem stendur á föstum og sléttum velli.
Lyftið farminum um nokkra sentimetra og aðgætið stöðugleika hans áður en honum er lyft alveg upp.

Hleðslutöflurnar sem sýndar eru í þessari handbók eru eingöngu ætlaðar sem dæmi. Til að skilgreina hleðslumörk farms þarf að athuga hleðslutöflurnar sem eru í ökumannshúsi á lyftara ykkar.






Leiðbeiningar um notkun


■ HLEÐSLUTAKMÖRKUN

Á frambita ökumannshússins að ofan er takmarkari **6** sem varar ökumann við breyttum stöðugleika lyftarans og kemur í veg fyrir allar hreyfingar áður en þær ná að skapa hættuástand.

■ Stjórntæki

1. Aðeins notuð fyrir kvörðun
2. Stöðugleikavísir með LED-ljósaröð
3. Grænt ljós - afl í lagi
4. Almennt viðvörunarljós fyrir hleðslutakmörkun
5. L8 gaumljós






■ Notkun

Þegar vélin er gangsett framkvæmir yfirálagskerfið sjálfsprófun:

- **LED-LJÓSARÖÐ2** lýsir smám saman úr grænu í rautt
- Hljóðmerki heyrist fá kerfinu
- **L8** og **almennt viðvörunarljós 4** loga áfram
- síðan slekkur **LED-ljósaröð 2** smám saman á sér
- **L8** og **almennt viðvörunarljós 4** slökkva á sér

Í notkun lýsist **LED-LJÓSARÖÐ2** upp smám saman eftir því hve stöðugleikinn er breytilegur.



LED ljósaröð

Græn LED ljós (**L1**, **L2, L3):** við venjuleg störf loga þessi LED-ljós ef veltistuðullinn er á bilinu 0 til 79. Lyftarinn er stöðugur.
Appelsínugul LED-ljós (**L4** og **L5):** þessi ljós kvikna ef lyftarann hefur tilhneigingu til að velta og veltistuðullinn með tilliti til ystu marka er á bilinu 80 og 99.
Kerfið fer í **forvarnar** hátt: aðvörunarhljóðmerki hljómar ótt og títt og lækkun á framlengingu bómunnar og framhalli gafflanna hægja á sér.
Rauð LED-ljós (**L6** og **L7):** hætta á veltu! Veltistuðullinn með tilliti til ystu marka er frá 100.
Lyftarinn fer í **viðvörunar**hátt: viðvörunarhljóðmerki hljómar stöðugt og hættulegar hreyfingar verða óvirkar: hækkun og lækkun bómu, bómu skotið út gafflahaldara hallað áfram.
Ökumaðurinn getur fært farminn aftur inn fyrir öryggismörk.

Leiðbeiningar um notkun

■ Viðvörunarkóðar og endurstilling

Takmarkarinn er með villuleitarmöguleika til að auðvelda greiningu á bilunum í boðbreytunum, rof í leiðslum eða bilanir í rafræna kerfinu.
Ef boð eru gefin um bilun fer takmarkarinn í öryggisham og lokar fyrir allar hættulegar hreyfingar: **Almennt aðvörunarljós 4** logar áfram ásamt **LED-ljósi L8** sem fer að blikka til að gefa bilanakóðann til kynna. Merking þessara bilanakóða er gefin í kaflanum „**Bilanir og villuleit**“.

⚠ HÆTTA

Áður en notkun lyftarans hefst þarf að ganga úr skugga um að fyrsta græna LED-ljósið í ofhleðslukerfinu sé ON.
Ofhleðslukerfið má ekki nota til að athuga þyngd farms sem á að lyfta: kerfið er eingöngu hannað til að gefa vísbendingu um ójafnvægi lyftarans um hreyfiás sinn.
Þetta ójafnvægi getur einnig orsakast af skyndilegri óvæntri notkun stýripinnanna við meðhöndlun á farmi. Ef mörg gaumljós loga þegar lyftarinn er í notkun þarf að sýna meiri varkárni við að nota stýripinnana.

■ Valrofi til að aftengja hleðslutakmörkun

Rofinn til að aftengja hleðslutakmörkun gefur kost á að fara framhjá hleðslutakmörkuninni til að koma lyftaranum aftur í notkun:

- þegar hann hefur verið gerður óvirkur við að hleðslutakmörkunin greip inn í;
- ef meiri háttar bilun í lyftaranum kallar á að allar hreyfingar lyftarans verði aflæstar;

Til að koma í veg fyrir hvers konar misnotkun á lyftaranum (t.d. vinnu utan við hleðslu- og stöðugleikamörk lyftarans) þá er eftirlitskerfið útbúið með tímastilli (sem er stilltur á 10 sekúndur) sem afturkallar allar losunarskipanir fyrir kerfi lyftarans að þeim tíma liðnum.

Þegar rofinn til að aftengja hleðslutakmörkunina er settur á lýsir virkniljósið L8 með stöðugu, rauðu ljósi.

Leiðbeiningar um notkun

■ MEÐHÖNDLUN Á FARMI

■ Stilling á göfflum

Með FEM gaffla (valkvætt)


Gafflarnir þurfa að vera stilltir með því millibili sem hentar farminum sem meðhöndla á. Til þess þarf:

- Að lyfta klemmusveifinni af göfflunum.
- Renna göfflunum á æskilegan stað og læsa sveifinni á ný.

Með fljótandi gaffla

Ef um er að ræða fljótandi gaffla:

- Losið róna á læsiboltunum.
- Lyftið göfflunum og rennið þeim til á brautinni þar til rétt bil er fengið.
- Læsið boltunum og herðið róna.



AÐVÖRUN

- ***Þungamiðja farmsins þarf alltaf að vera miðja vegu milli gafflanna.***
- ***Gangið úr skugga um að þið gerið ykkur nákvæma grein fyrir þyngd farmsins áður en hann er meðhöndlaður.***
- ***Þegar bómunni er skotið út skal ekki fara út fyrir mörk farmþungans.***
- ***Athugið takmarkanir á farmþunga í hleðslutöflunni sem er í ökumannshúsinu.***
- ***Látið gafflana vera með eins mikið millibil og hægt er miðað við farminn sem unnið er með.***


■ VERKÁFANGAR


AÐVÖRUN


Ökumaðurinn þarf að hafa fulla yfirsýn yfir vinnusvæðið við notkun lyftarans.


Hleðsluáfangi

- Akið hornrétt að farminum sem meðhöndla á og aðgætið á hallamælinum hvort lyftarinn sé staðsettur lárétt.
- Setjið gafflana undir farminn og lyftið honum um nokkra sentimetra.
- Hallið göfflunum afturábak til að taka farminn upp.









Leiðbeiningar um notkun

AÐVÖRUN

Hætturnar við meðferð farms eru einkum fólgnar í stefnunni aftur á við meðan bakkað er.

Flutningsáfangi

- Akið ekki skyndilega af stað eða hemlið snögglega.
- Akið að gætilega að affermingarstaðnum og hafið farminn í um 20-30 cm hæð frá jörðu.
- Stillið hraða lyftarans í samræmi við aðstæður á yfirborðinu til að forðast hættulegan hristing, að lyftarinn renni til og að farmurinn falli af.
- Við akstur í brekku eða skábrautum þarf að láta farminn vísa upp í móti.

AÐVÖRUN

Ef farmur á lofti eða staðsetning bómunnar veldur umtalsverðri hindrun ætti ökumaðurinn að leita að annarri leið til að flytja farminn.

HÆTTA

Akið ekki í hliðarhalla; þessi hættulega aðgerð er ein af meginástæðunum fyrir slysum vegna veltu.

Affermingaráfangi

- Akið að affermingarstað með hjólin bein og stöðvið lyftarann gætilega með nægilegt rými til að færa bómuna til.
- Setjið stöðuhemilinn á og stillið gírskiptinguna í hlutlausan gír.
- Komið farminum í nokkurra sentimetra hæð yfir æskilegum stað og látið gafflana vera lárétta.
- Lækkið farminn og gætið þess að hann sé láréttur.
- Dragið gafflana varlega undan með því að nota stjórntæki til að draga bómuna til baka og lækkið eða hækkið bómuna um leið og gafflarnir koma undan ef með þarf.
- Þegar gafflarnir eru lausir við farminn þarf að stilla þá í flutningsstöðu.
- Losið stöðuhemilinn og hefjið vinnsluferli á ný.

Leiðbeiningar um notkun

■ SKIPT UM AUKABÚNAÐ


⚠ VARÚÐ

Notið aðeins aukabúnað sem er beinlínis framleiddur eða mælt með af Terexlift og er nánar lýst í kaflanum „Aukabúnaður“.

Gerð með VÉLVIRKA TENGINGU

Skipt er um aukabúnað sem hér segir:


- Akið á staðinn þar sem sleppa á þeim búnaði sem er á bómunni (á föstu undirlagi og í skjóli).
- Aftengið hraðtengin á aukabúnaðinum (ef þau eru til staðar).
- Dragið út pinnann **1** sem læsir búnaðinum eftir að öryggissplittið **2** á enda hans hefur verið tekið af.





- Látið aukabúnaðinn liggja flatan á jörðinni.
- Hallið festigrind búnaðarins fram á við og lækkið bómuna til að losa efri læsinguna á honum.
- Akið lyftaranum aftur á bak og að nýja aukabúnaðinum sem á að tengja við.
- Látið festigrindina hallast áfram og krækið í efri lásinn á nýja búnaðinum.
- Dragið aukabúnaðinn til baka og lyftið honum um nokkra sentimetra. Hann miðjast sjálfkrafa á grind hraðtengisins.
- Setjið pinnann **1** aftur á og festið með öryggissplittinu **2**.
- Tengið aftur tengin á aukabúnaðinum (ef þau eru til staðar).


⚠ AÐVÖRUN


Þegar skipt hefur verið um búnað þarf að gæta að því hvort búnaðurinn sé rétt tengdur við bómuna áður en lyftarinn er tekinn í notkun. Ef búnaðurinn er festur með röngum hætti gæti það valdið líkamstjóni og skemmdum á hlutum.












Leiðbeiningar um notkun

Gerð með VÖKVALÆSINGU (valkvætt)
Skipt er um aukabúnað sem hér segir:

- Akið á staðinn þar sem sleppa á þeim búnaði sem er á bómunni (á föstu undirlagi og í skjóli).
- Aftengið hraðtengin á búnaðinum (ef þau eru til staðar) og tengið vökvaleiðslurnar á búnaðinum við tengin **3**.



- Látið aukabúnaðinn liggja flatan á jörðinni.
- Fjarlægið öryggispinnann **2** á enda hans.
- Losið aukabúnaðinn með stjórnbúnaði fyrir losunar/festitjakk aukabúnaðarins
- Hallið festigrind búnaðarins fram á við og lækkið bómuna til að losa efri læsinguna á honum.
- Akið lyftaranum aftur á bak og að nýja aukabúnaðinum sem á að tengja við.
- Látið festigrindina hallast áfram og krækið í efri lásinn á nýja búnaðinum.
- Dragið aukabúnaðinn til baka og lyftið honum um nokkra sentimetra. Hann miðjast sjálfkrafa á grind hraðtengisins.
- Notið læsisveif fyrir búnaðinn (valkvætt) og tryggið að hann sé á sínum stað með öryggispinnanum **2** sem áður var tekinn úr.
- Tengið aftur tengin á aukabúnaðinum (ef þau eru til staðar).

⚠ AÐVÖRUN

Tengið alltaf læsi/aflæsislöngurnar í geymslutengi sín ofan á bómunni án tillits til þess hvaða aukabúnaður er í notkun.
Gangið úr skugga um að aukabúnaðurinn sé tryggilega tengdur við hraðtengitjakkinn og öryggispinnann áður en bóman er tekin í notkun.

Leiðbeiningar um notkun

■ FLUTNINGUR Á VEGUM EÐA VINNUSTAÐ

Við akstur á vegum þarf að fara í einu og öllu eftir umferðarreglum, bæði þeim sem gilda á staðnum og innanlands.
Auk þess þarf að taka tillit til eftirfarandi almennra varúðarráðstafana:

- Ræsið vélina.
- Jafnið afturhjólin.
- **Aðeins fyrir ítalskan markað** setjið á læsibúnaðinn sem kveðið er á um í skráningarskírteini lyftarans sem hér segir:


1. Setjið á læsikapal **A** fyrir framlengingu bómunnar;
2. setjið á læsikragann **B** á hallatjakkinn;
3. setjið á læsikragann **C** á lyftitjakkinn;


- Setjið sérstakar hlífar á endanna á hefðbundnum tjökkum.
- Dragið bómuna inn og festið í flutningsstellingu.
- Stillið **rofann fyrir veg/vinnustað** á **„ROAD“**.
- Gangið úr skugga um að ljós, flauta og stefnuljós séu í lagi.
- Setjið í gír.
- Akstursrhaði lyftarans er háður snúningshraða vélarinnar og staðsetningu stýripinnans.

TILKYNNING

Aðeins er leyfilegt að aka lyftaranum í almennri umferð án farms.
Notið ekki lyftarann til að draga aftanívagna.

AÐEINS FYRIR ÍTALSKAN MARKAÐ





Flutningur lyftarans

FLUTNINGUR Á BILUÐUM LYFTARA

Aðeins skal draga lyftarann ef enginn annar kostur er fyrir hendi vegna þess að þessi aðgerð getur valdið alvarlegum skemmdum á drifinu. Ef hægt er skal reyna að gera við lyftarann á staðnum.
Ef algerlega er nauðsynlegt að draga lyftarann:


- Takið stöðuhemilinn af.
- Dragið lyftarann stutta vegalengd í einu og á litlum hraða (undir 5 km/klst.).
- Notið dráttarbeisli.
- Veljið stýringu fyrir tvö hjól.
- Setjið drifstillistöngina fyrir áfram/afturábakgír í hlutlausa stöðu.
- Lyftið framhjólum lyftarans.
- Ef hægt er skal ræsa vélina og nota vökvadrifið og hemlakerfið.

Stöðuhemillinn tekinn af

Til að taka stöðuhemilinn af á biluðum lyftara skal fara að sem hér segir:

- Losið gagnstæða bolta **A** á framásnum.
- Fjarlægið skinnurnar **B** sem eru undir þessum tveimur boltum **A**.
- Herðið boltana aftur **A** og snúið til skiptis fremri boltanum og þeim aftari 1/2 snúning til að aflæsa hemlinum.

Neikvæða hemlinum er læst aftur með því að losa boltana **A** og snúið til skiptis fremri boltanum og þeim aftari 1/2 snúning, setjið skinnurnar **B** aftur á og herðið boltana **A**.



Flutningur lyftarans

■ LYFTARANUM LYFT UPP

Þegar á að lyfta lyftaranum skal eingöngu nota til þess búnað með nægilega afkastagetu. Nánari gögn og upplýsingar um þungamiðju eru í kaflanum „***Kennistærðir“***.

Til að lyfta lyftaranum er farið að sem hér segir:

- Dragið bómuna inn í flutningsstellingu.
- Setjið stöðuhemilinn á og látið aukabúnaðinn síga niður.
- Stöðvið vélina og lokið ökumannshúsinu.
- Festið keðjurnar við fjögur sérstök augu á lyftaranum (merkt með miðanum hér að neðan).


⚠ VARÚÐ

Aðeins skal lyfta lyftaranum þegar búið er að festa keðjurnar í öll augun.

■ LYFTARINN FLUTTUR MEÐ ÖÐRUM ÖKUTÆKJUM

Ef flytja á lyftarann á öðru ökutæki skal fara að sem hér er lýst:

- Skábrautir þurfa að vera á réttum stað.
- Dragið bómuna inn í flutningsstellingu.
- Akið lyftaranum gætilega upp á hitt ökutækið.
- Setjið stöðuhemilinn á og látið aukabúnaðinn síga niður.
- Gætið þess að heildarmálstærðir séu ekki stærri en leyfileg mörk.
- Stöðvið vélina og lokið ökumannshúsinu.
- Tryggið lyftarann á palli flutningatækisins með hjólaskorðum.
- Festið lyftarann við pall flutningatækisins með því að festa keðjurnar við sérstaka augabolta Ⓐ á undirvagninum.



Flutningur lyftarans

LYFTARANUM LAGT OG HANN SETTUR Í GEYMSLU

Aðgerðaleysi í stuttan tíma

Leggið alltaf lyftaranum á öruggan hátt að loknum vinnudegi, vakt og yfir nótt.
Gerið nauðsynlegar varúðarráðstafanir til þess að þeir sem koma að lyftaranum í kyrrstöðu verði ekki fyrir meiðslum:

- Leggið lyftaranum þannig að hann hindri ekki önnur störf.
- Lækkið bómuna með aukabúnaðinum niður á jörð.
- Takið lyftarann úr gír og setjið stöðuhemilinn á.
- Takið kveikjulykilinn úr kveikjulásnum og læsið hurð ökumannshússins.

⚠ VARÚÐ

Ef rafgeymirinn er látinn vera tengdur getur það valdið skammhlaupi og eldsvoða í kjölfarið.

Geymsla lyftarans

Ef geyma á lyftarann í kyrrstöðu í lengri tíma þarf að gera ofangreindar varúðarráðstafanir. Auk þess:

- Þvoið lyftarann vandlega. Til að þrífa hann betur þarf að taka af grill og hlífar.
- Þurrkið alla vélarhluta vandlega með þrýstilofti.
- Smyrjið lyftarann vandlega.
- Gerið sjónpróf allan hringinn og skiptið um alla slitna eða bilaða hluti.
- Málið yfir alla slitna eða skemmda hluti.
- Takið rafgeyminn úr, smyrjið pólana með vaselíni og geymið á þurrum stað. Hægt er að nota rafgeyminn í öðrum tilgangi. •Ef svo er ekki þarf að athuga hleðslu hans við og við.
- Fyllið á eldsneytistankinn til að koma í veg fyrir innra ryð.
- Geymið lyftarann á skjólgóðum og vel loftræstum stað.
- Ræsið vélina mánaðarlega í um 10 mínútur.
- Ef mjög kalt er í veðri þarf að tæma vatnskassann.

TILKYNNING

Gleymið því ekki að nauðsynlegt er að vinna venjuleg viðhaldsverk jafnvel þegar lyftarinn er ekki í notkun. Athugið sérstaklega vökvastöðu og þá hluti sem eiga til að hrörna með aldri. Áður en vélin er ræst á nú þarf að framkvæma sérstakt viðhalds og gæta vel að öllum vélbúnaði, vökvabúnaði og rafbúnaði lyftarans.

Flutningur lyftarans

■ LYFTARINN ÞRIFINN OG HREINSAÐUR

Þrífið lyftarann í samræmi við eftirfarandi leiðbeiningar:

- Fjarlægið allar leifar af olíu og smurfeiti með þurru leysiefni eða rokgjörnu spritti.
- Áður en nýr hlutur er settur saman þarf að fjarlægja öll verndarefni (ryðvörn, feiti, vax o.s.frv.).
- Fjarlægið allt ryð af málmhlutum með sandpappír og smyrjið hlutinn síðan með verndarefni (ryðvörn, feiti, málningu, olíu o.s.frv.).

TILKYNNING

Notið ekki vatn með háþrýstingi til að þvo lyftarann og einkum ekki aðallokann, segullokana og hluta rafkerfisins.

Þvottur að utan

Áður en lyftarinn er þveginn þarf að ganga úr skugga um að vélin sé ekki í gangi og hurðir og gluggar lokaðir. Aldrei skal nota eldsneyti til að þrífa lyftarann. Notið vatn eða gufu. Í köldu loftslagi þarf að þurrka alla lása eftir þvott eða smyrja þá með frostlegi.

Áður en lyftarinn er tekinn aftur í notkun þarf að athuga ástand hans.

Þvottur að innan

Þvoið lyftarann að innan með vatni og svampi. Notið ekki háþrýstidælu. Þurrkið með hreinum klút.

Vélin þvegin

Áður en vélin er þvegin þarf að verja loftsíuna til að koma í veg fyrir að vatn komist inn í rásina.

TILKYNNING

Ef nota á lyftarann í grennd við sjó eða við svipaðar aðstæður þarf að verja hann gegn salti með fullnægjandi meðferð gegn áhrifum salts til að koma í veg fyrir að hann ryðgi.

■ FÖRGUN LYFTARANS

VERNDUM UMHVERFIÐ

Við endalok notkunartíma lyftarans þarf að hafa samband við sérstakt fyrirtæki til að taka að sér förgun hans í samræmi við staðbundnar og innlendar reglugerðir.

■ Förgun rafgeymisins

VERNDUM UMHVERFIÐ

Notuðum blý-sýrurafgeymum má ekki faraga sem venjulegum iðnaðarúrgangi. Vegna þess að þeir innihalda skaðleg efni þarf að safna þeim, farga eða endurvinna þá í samræmi við lög Evrópusambandsins.

Geyma skal notaða rafgeyma á þurrum og aflokuðum stað. Gætið þess að rafgeymirinn sé þurr og tapparnir á rafvökvahólfunum þéttir. Merkið rafgeyminn vandlega til að vara við notkun hans. Ef rafgeymirinn er látinn vera úti undir beru lofti áður en honum er fargað er nauðsynlegt að bera á lag af feiti á kassann og hólfin og herða tappana. Látið ekki rafgeyminn standa á jörðinni; það er alltaf ráðlegt að láta hann vera á vörubretti og breiða yfir hann. Fargið rafgeymum eins fljótt og verða má.

Viðhald

Hafið í huga og farið að eftirfarandi fyrirmælum:

* Ökumaðurinn getur aðeins framkvæmt reglubundin viðhaldsverk sem gert er ráð fyrir í þessari handbók.
* Þjálfaðir þjónustutæknimenn skulu sinna reglubundnu viðhaldi á lyftaranum í samræmi við fyrirmæli framleiðanda.

Skýringar á táknum um viðhald:

Eftirfarandi tákn eru notuð í þessari handbók til að auðvelda ykkur að átta ykkur á leiðbeiningunum sem gefnar eru. Ef eitt eða fleiri tákn birtast í upphafi viðhaldsverks merkja þau eftirfarandi:



Sýnir að nota þarf verkfæri til að vinna verkið.



Sýnir að nota þarf nýja hluti til að vinna verkið.



Sýnir að vélin þarf að vera köld til að vinna verkið.



VIÐHALDSTÍMABIL

Tilkeyrsla _____

Venjulegt _____

Sýnir að viðhaldstímabilið er tilgreint í vinnustundum.

VARÚÐ

Takið aukabúnað af áður en viðhaldi eða viðgerðum er sinnt.

INNGANGUR

Vandlegt og reglulegt viðhald tryggir að lyftarinn sé ávallt í traustu lagi og skilvirku ástandi fyrir notkun.

Af þessari ástæðu er ráðlegt að þvo, smyrja og þjónusta lyftarann með réttum hætti, einkum eftir vissar tegundir notkunar, (leirugt eða rykugt umhverfi, þungavinnu o.s.frv.).

Tryggið ávallt að allir hlutar lyftarans sé í góðu ástandi. Athugið olíuleka og lausar hlífar og gangið úr skugga um að allur öryggisbúnaður sé skilvirkur. Ef bilanir koma upp þarf að finna þær og lagfæra áður en vélin er tekin í notkun á ný.

Sé ekki farið eftir venjulegri viðhaldsáætlun í þessari handbók telst ábyrgð TEREXLIFT sjálfkrafa fallin úr gildi.

TILKYNNING

Um viðhald vélarinnar, sjá sérstaka notendahandbók sem fylgir með lyftaranum.

VARÚÐ

Notið aðeins upprunalega varahluti. Sjá sérstakan varahlutalista.

ÖRYGGISBÚNAÐUR VARAHLUTIR	
Hleðsluskynjari	09.0802.0040
Skjár hleðslutakmörkunar	56.0016.0132
Stýriheili hleðslutakmörkunar GTH-2506	56.0021.0145
Stýriheili hleðslutakmörkunar GTH-3007	56.0021.0146
Neyðarstöðvunarrofi	56.0016.0091
Sætisrofi	07.0703.0257
Öryggisloki jöfnunartjakks	04.4239.0051
Öryggisloki lyftitjakks	04.4239.0005
Öryggisloki framlengingartjakks fyrir bómu	04.4239.0005
Öryggisloki snúningstjakks fyrir aukabúnað	04.4239.0052

Viðhald

SMUREFNI - VARÚÐARRÁÐSTAFANIR VEGNA HEILSU OG ÖRYGGIS

Heilsa
Langvarandi snerting við olíu getur valdið ertingu. Notið gúmmíhanska og hlífðargleraugu. Eftir meðhöndlun á olíu þarf að þvo sér um hendur með vatni og sápu.

Geymsla
Geymið smurefni alltaf í lokuðu rými þar sem börn ná ekki til. Aldrei skal geyma smurefni úti undir beru lofti og án merkimiða sem gefur upp innihaldið.

Förgun
Bæði ný og notuð olía er mengunarvaldur! Tæmið aldrei olíu í jörð. Geymið nýja olíu í hentugri vörugeymslu. Hellið notaðri olíu í ílát og afhendið til sérstakra fyrirtækja til förgunar.

Olíulekar
Ef olía lekur niður af slysni þarf að hylja blettinn með sandi eða gerðarsamþykktri möl. Skafið síðan upp og fargið sem efnaúrgangi.

Fyrsta hjálp

Augu : Ef efnin komast óvart í snertingu við augu þarf að skola með fersku vatni. Ef ertingin er viðvarandi þarf að leita læknis.

Ásvelging : Ef olía er ásvelgd skal ekki framkalla uppköst heldur leita læknis.

Húð : Ef langvarandi snerting á sér stað þarf að skola með vatni og sápu.

Eldur
Ef eldur kemur upp skal nota koltvísýring, duft- eða froðuslökkvitæki. Notið ekki vatn.

Viðhald

VENJULEGT VIÐHALD

Viðhald sem er framkvæmt á rangan hátt eða er vanrækt getur valdið hættu bæði fyrir ökumanninn og vegfarendur. Gangið úr skugga um að viðhald og smurning sé framkvæmd samkvæmt fyrirmælum framleiðanda til þess að halda lyftaranum öruggum og afkastageta hans óskert.
Viðhaldsverkin eru byggð á vinnustundum lyftarans. Athugið vinnustundamælinn reglulega og haldið í góðu ástandi til að hann geti skilgreint viðhaldstímabilin rétt. Gangið úr skugga um að allar bilanir sem finnast við viðhald séu lagfærðar án tafar áður en lyftarinn er tekinn í notkun á ný.

⚠ VARÚÐ

Allar aðgerðir merktar með „▲“ þurfa að vera framkvæmdar af þjálfuðum tæknimanni.

Fyrstu 10 vinnustundirnar

1. Athugið olíustöðu á niðurgírum, afldeili og mismunadrifum
2. Athugið herslu á felguróm reglulega
3. Athugið herslu á boltum og róm
4. Athugið hvort vökvatengin leki

Á 10 vinnustunda fresti eða daglega

1. Athugið olíustöðu
2. Hreinsið loftsíuhylki
3. Hreinsið vatnskassann ef með þarf
4. Athugið stöðu glussaolíu í geyminum
5. Athugið smurning á rennipúðum skotbómunnar
6. Smyrjið festigrind fyrir aukabúnað
7. Smyrjið öll samskeyti á bómunni, afturáslið, drifsköft, fram- og afturása og allan annan búnað lyftarans
8. Athugið hvort ljós virki rétt
9. Athugið hvort hemlar og stöðuhemill starfi rétt
10. Athugi virkni stýrisbúnaðar
11. Athugi virkni jöfnunarbúnaðar fyrir gaffla.

Á 50 vinnustunda fresti eða vikulega

Verk sem þarf að vinna til viðbótar við þau sem tilgreind eru hér að framan

1. Athugið strekkingu á belti rafals.
2. Athugið loftþrýsting í hjólbörðum.
3. Athugið herslu á felguróm.
4. Athugið herslu á boltum drifskafts.

Á 250 vinnustunda fresti eða mánaðarlega

Verk sem þarf að vinna til viðbótar við þau sem tilgreind eru hér að framan

1. Skiptið um vélarolíu og viðkomandi síu
2. Athugið olíustöðu á mismunadrifum að framan og aftan svo og niðurgír
3. Athugið olíustöðu á niðurgírum á fjórum hjólum
4. Athugið ástand loftsíuhylkis vélarinnar, endurnýið hylkið ef með þarf
5. Athugið festingu á tengjum við póla rafgeymisins
6. Athugið innsogsslöngu milli vélar og loftsíu
7. Athugið krómaðar bullustengur á tjökkum
8. Athugið að vökvaleiðslur séu ekki slitnar af nuddi við grindina eða aðra hluta lyftarans
9. Athugið að rafleiðslur nuddist ekki við grindina eða aðra hluta lyftarans
10. ▲ Athugið slit á rennibrautum bómunnar.
11. ▲Stillið hlaupið á rennibrautum bómunnar.
12. Fjarlægið alla feiti af bómunni og smyrjið síðan hreyfanlega hluta hennar.
13. Athugið stöðu á rafvökva rafgeymisins.

Á 3 mánaða fresti

Verk sem þarf að vinna til viðbótar við þau sem tilgreind eru hér að framan

1. Athugið virkni öryggislokanna.

Viðhald

Á 500 vinnustunda fresti eða hálfsárslega

Verk sem þarf að vinna til viðbótar við þau sem tilgreind eru hér að framan

1. Gætið að hve mikill reykur kemur út um afgasrör vélarinnar.
2. Athugið herslu á vélarfestingum.
3. Athugið herslu á boltum ökumannshússins.
4. Athugið bakslag milli pinna og fóðringa á öllum samskeytum.
5. Skiptið um glussaolíusíu í geyminum.
6. Látið þjálfaðan starfsmann athuga vökvaþrýstikerfið.
7. Skiptið um aðalhylki loftsíunnar.
8. Skiptið um glussaolíusíu í drifi
9. Hreinsið loftsíu í ökumannshúsi og skiptið um ef með þarf.
10. Fyrstu olíuskipti og endurnýið olíusíu

Á 1000 vinnustunda fresti eða árlega

Verk sem þarf að vinna til viðbótar við þau sem tilgreind eru hér að framan

1. Skiptið um olíu á mismunadrifum að framan og aftan og afldeilinum
2. Skiptið um olíu á niðurgírum á fjórum hjólum.
3. Skiptið um glussaolíu.
4. Skiptið um vélarolíu og endurnýið olíusíuhylki.

ÁÆTLUN UM OLÍUSKIPTI

	Verk	Vinnustundir *	Þjónustutímabil *	Gerð olíu
Vél	Athugun á olíustöðu	10	daglega	SHELL RIMULA 15W-40 (API CH-4/CG-4/CF-4/CF; ACEA E3; MB228.3)
	Fyrstu olíuskipti	500	-	
	Síðari olíuskipti	1000	árlega	
Ásar og afl deilir	Athugun á olíustöðu	250	mánaðarlega	TRACTORENAULT THFI 208 LF SAE 80W (API GL4 / FORD M2C 86B Massey Ferguson M1135)
	Fyrstu olíuskipti	-	-	
	Síðari olíuskipti	1000	árlega	
Glussa olía	Athugun á olíustöðu	10	daglega	GAZPROMNEFT HYDRAULIC HDZ 46 (DIN 51524 part 3 HVLP, ASTM D6158 HV, SAE MS1004 MS)
	Fyrstu olíuskipti	-	-	
	Síðari olíuskipti	1000	árlega	

* hvort sem á sér stað fyrr.

Viðhald

VIÐHALDSVERK

⚠ AÐVÖRUN

Við vinnu á öllum viðhaldsverkum þarf að vera drepið á vélinni, stöðuhemillinn á, aukabúnaður á jörðu og gírstöng í hlutlausum.

⚠ AÐVÖRUN

Ef þarf að lyfta einhverjum hluta lyftarans vegna viðhalds þarf að tryggja hann á öruggan hátt áður en nein verk eru unnin.

⚠ AÐVÖRUN

Aðeins þar til bærir starfsmenn skulu sinna verkum á vökvakerfinu.
Vökvakerfið er með þrýstingsgeyma. Ef þrýstingi er ekki hleypt alveg af þessum þrýstingsgeymum gætuð þið eða aðrir orðið fyrir alvarlegum slysum. Til að framkvæma þetta þarf að drepa á vélinni og stíga á hemlafetillinn 8-10 sinnum.

⚠ AÐVÖRUN

Áður en vinna hefst á glussavökvaleiðslum eða hlutum vökvaþrýstikerfisins þarf að gæta þess að enginn afgangsþrýstingur sé til staðar. Til þess þarf að stöðva vélina, setja stöðuhemil á og færa stjórnstengur aðallokans í báðar áttir (til skiptis) til að taka þrýsting af vökvaþrýstikerfinu.

⚠ VARÚÐ

Aðeins þar til bærir starfsmenn skulu skipta um vökvaþrýstileiðslur.
Ef aðskotahlutir komast inn í lokaða kerfið getur það valdið skyndilegri bilun í drifinu.

⚠ VARÚÐ

Þjálfaðir starfsmenn sem bera ábyrgð á vökvaþrýstikerfinu þurfa að þrífa öll svæði þar í kring áður en vinna hefst.

VERNDUM UMHVERFIÐ

Meðferð og förgun á notaðri olíu skal vera í samræmi við reglur staðarins eða innlendar reglur. Hafið samband við vottaðar förgunarstöðvar.

TILKYNNING

Þegar unnið er við viðhald eða viðgerðir og við rafsuðu þarf að slökkva á meginrofa rafgeymisins sem er í vélarrýminu neðan við loftsíu vélarinnar.

Viðhald

■ AÐGENGI AÐ VÉLARRÝMI

Opnið vélarhlífina til að vinna verk í vélarrýminu. Vélarhlífin er með lás og lykli og stuðningsstöng til að halda henni uppi.
Í vélarrýminu er aðgengi að:


- Sprengivél **A**
- Loftsíu vélarinnar **B**
- Jöfnunargeymi kælikerfisins **C**
- Rafgeymi **D**

Aðgengi að vélarrýminu:

- Drepið á vélinni og setjið stöðuhemilinn á.
- Aflæsið og lyftið vélarhlífinni með handfanginu.

⚠ VARÚÐ

Gerið allar varúðarráðstafanir áður en farið er ofan í vélarrýmið. Sumir hlutar vélarinnar geta verið mjög heitir. Notið ávallt hlífðarhanska.



Viðhald

■ LOFTSÍA VÉLARINNAR

Hreinsið loftsíu vélarinnar og endurnýið hylkin ef með þarf.

1 Ytra hylkið þrifið og skipt um það:

- Drepið á vélinni og setjið stöðuhemilinn á.
- Opnið festingarnar **A** og takið lokið af **B**
- Takið síuhylkið úr **C**.
- Hreinsið síuskálina.
- Hreinsið síuhylkið með loftþrýstingi (mest 6 bara þrýstingi) og beinið loftstraumnum innan frá og út á við.
- Athugið hvort sprungur séu á síuhylkinu með því að setja ljós innan í það.
- Setjið hylkið aftur í og gætið þess að það sé rétt staðsett.
- Lokið lokinu **B** og læsið með festingum **A**.

TILKYNNING


Þegar viðvörunarljósið 11.3 á mælaborði ökumannshússins logar þarf að skipta um ytra síuhylkið.
Aldrei má þvo síuhylkið í vatni eða með leysiefnum.

2 ***Skipt um innra síuhylkið***

- Sjá þrep **1** um að fjarlægja ytra síuhylkið.
- Dragið út innra síuhylkið **D**.
- Hreinsið síuskálina.
- Setjið nýja hylkið í og gætið þess að það sé rétt staðsett.
- Setjið aðalsíuhylkið í eins og lýst er í lið **1**.

TILKYNNING

Skipta þarf um innra síuhylkið í annað hvert skipti sem ytra hylkinu er skipt út.
Aldrei má þvo síuhylkið í vatni eða með leysiefnum.



VIÐHALDSTÍMABIL


Tilkeyrsla	**Ekkert**
Þrif	**á 10 stunda fresti**
Skipt um ytra síuhylki	**á 500 stunda fresti**
Skipt um innra síuhylki	**á 1000 stunda fresti**


Viðhald

■ KÆLIKERFI VÉLARINNAR

⚠ VARÚÐ


Þegar kælivökvinn er heitur er kælikerfið undir þrýstingi. Ef vélin er heit þarf að opna vatnskassalokið varlega án þess að taka það af til að hleypa þrýstingnum af. Notið hlífðarhanska og haldið andlitinu í öruggri fjarlægð.





- Aðgætið kælivökvastöðu vikulega gegnum sjónglasið **C** áður en vinna hefst (meðan vökvinn er kaldur).
- Ef þörf er á skal bæta við hreinu vatni eða blöndu af frostlegi gegnum áfyllingaropið **A**.
- Skiptið um blönduna af frostlegi á tveggja ára fresti.

  Frostleginum hleypt af:
  - Látið vélina kólna
  - Skrúfið tappann **B** af neðst á vatnskassanum eða aftengið vatnshosuna ef enginn tappi er til staðar. Látið kælivökvann renna í sérstakt ílát.
  - Setjið vatnshosuna aftur á og fyllið á með nýjum frostlegi (50% vatn-frostlögur). Þessi blanda veitir vörn allt að -38 °C.
- Hreinsið vatnskassagrillið daglega með hörðum bursta eða þrýstilofti með mest 6 bara þrýstingi.



VIÐHALDSTÍMABIL

Tilkeyrsla _____ **Ekkert**

Venjulegt _____ **á 50 stunda fresti**

Við afhendingu er kælivökvi á lyftaranum með sem er blanda af 50% vatni og 50% frostlegi.

TEREX PRO COOL Vernd gegn suðu / frosti		
Afurð%	Frostmark	Suðumark
33	-17 °C	123 °C
40	-24 °C	126 °C
50	***-36 °C***	***128 °C***
70	-67 °C	135 °C

Viðhald

■ OLÍUSTAÐA Í GLUSSAOLÍUGEYMINUM ATHUGUÐ

⚠ VARÚÐ

Örmjóar bunur af glussaolíu undir þrýstingi geta komist inn undir húðina. Notið ekki fingurna heldur pappaspjald til að finna olíuleka.

Aðgætið glussaolíustöðuna gegnum sjónglasið **A** sem er á olíugeyminum og sýnlegt gegnum rifuna hægra megin á undirvagninum.

Ef þörf er á skal bæta nýrri olíu á gegnum áfyllingaropið **B.**

VIÐHALDSTÍMABIL

Tilkeyrsla _____ **Innan fyrstu 10 stundanna**

Venjulegt _____ **á 50 stunda fresti**

VERNDUM UMHVERFIÐ

Meðferð og förgun á notaðri olíu skal vera í samræmi við reglur staðarins eða innlendar reglur. Hafið samband við vottaðar förgunarstöðvar.

■ SKIPT UM GLUSSAOLÍU


Skipt er um glussaolíu sem hér segir:


1. Stöðvið lyftarann á jafnsléttu og gætið þess að stöðuhemillinn sé settur á.
2. Hleypið þrýstingi af vökvaþrýstikerfinu.
3. Setjið hæfilega stórt ílát undir aftöppunarboltann sem er neðst á geyminum til að taka við olíunni.
4. Fjarlægið aftöppunarboltann og látið olíuna renna niður í ílátið.
5. Takið hlífina af sjónglasinu á geyminum **C**.
6. Þrífið geyminn vandlega með dísilolíu og blásið með þrýstilofti.
7. Setjið aftöppunarboltann og sjónglashlífina aftur á.
8. Fyllið á með nýrri olíu og gætið þess að hún eigi við þá gerð sem mælt er með þar til staða hennar hefur náð **A**.

VIÐHALDSTÍMABIL

Tilkeyrsla _____ **Ekkert**

Venjulegt _____ **á 1000 stunda fresti**






Viðhald

■ SKIPT UM SÍUHYLKI GLUSSAOLÍU

Skipt er um síuhylki glussaolíu sem hér segir:

1 Stöðvið lyftarann á jafnsléttu og gætið þess að stöðuhemillinn sé settur á.
2 Setjið ílát af hæfilegri stærð undir síuna til að taka við olíuleka.
3 Takið lokið af síunni til að komast að síuhylkinu **A**.
4 Skiptið um síuhylki og áður en nýtt hylki er sett í þarf að þrífa og smyrja bæði sæti þess og pakkningu þess.
5 Setjið lokið aftur á og herðið.




TILKYNNING

Skipta skal um síuhylki glussaolíunnar um leið og gaumljósið fyrir stíflu á mælaborðinu logar (sjá kaflann* Stjórntæki og mælar*).

TILKYNNING

Ekki er hægt að þrífa síuhylki fyrir glussaolíu eða þvo þau og setja aftur í.
Skipta þarf þeim út og setja ný í staðinn af þeirri gerð sem framleiðandi mælir með.



VERNDUM UMHVERFIÐ

Meðferð og förgun á notaðri olíu skal vera í samræmi við reglur staðarins eða innlendar reglur. Hafið samband við vottaðar förgunarstöðvar.

VIÐHALDSTÍMABIL

Tilkeyrsla _____ **Ekkert**

Venjulegt _____ **á 500 stunda fresti**


Viðhald

LOFTSÍA Í ÖKUMANNSHÚSI

Á sex mánaða fresti skal hreinsa loftsíuna í ökumannshúsinu. Skiptið um síu ef síuklæðið er skemmt.

1 Hylkið þrifið og skipt um það:

- Drepið á vélinni og setjið stöðuhemilinn á.
- Takið síuna **A** úr hýsingu þess sem hægt er að komast að innan úr húsinu.
- Hreinsið síuskálina.
- Hreinsið síuhylkið með því að slá því við trébút. Skiptið um síu ef með þarf.



TILKYNNING

Aldrei skal þrífa pappírssíur með þrýstilofti eða þvo þær í vatni og/eða leysiefnum.

Viðhald

■ OLÍUSTAÐA Á MISMUNADRIFUM


Athugið olíustöðu á mismunadrifum að framan og aftan:

- Stöðvið lyftarann á jafnsléttu og gætið þess að stöðuhemillinn sé settur.
- Losið áfyllingartappann ③ og athugið hvort olían sé jöfn opinu.
- Bætið við olíu ef með þarf ① þar til hún kemur út um opið ③.
- Setjið á tappana ③ og ①.

Skipt um olíu:

- Setjið hæfilega stórt ílát undir aftöppunaropið ②.
- Losið aftöppunarboltann, olíustöðuboltann ③ og áfyllingartappann ① og látið olíuna renna af mismunadrifinu.
- Setjið aftöppunarboltann aftur á og herðið ②.
- Bætið á nýrri olíu gegnum áfyllingaropið þar til hún er jöfn við opið ①.
- Setjið á tappana ③ og ①.

①	***Áfyllingartappi***
②	***Tæmingartappi***
③	***Olíustöðutappi***



VIÐHALDSTÍMABIL

Tilkeyrsla _____ **Innan fyrstu 10 stundanna**

Venjulegt _____ **á 250 stunda fresti**


■ OLÍUSTAÐA Á NIÐURGÍRUM HJÓLANNA (framan/aftan)

Athugið olíustöðu á niðurgírum hjólanna:

- Stöðvið lyftarann á jafnsléttu og gætið þess að stöðuhemillinn sé settur á og áfyllingaropið sé í láréttri stöðu.
- Þrífið tappann allt um kring, takið síðan af og athugið hvort olían sé jöfn við opið.
- Ef með þarf skal bæta á nýrri olíu gegnum opið þar til hún er orðin jöfn því.
- Setjið tappann aftur á.

Skipt um olíu:

- Stöðvið lyftarann og látið opið vera í láréttri stöðu.
- Setjið hæfilega stórt ílát undir opið.
- Skrúfið tappann af og látið olíu renna af niðurgírnum.
- Snúið hjólinu 90° til þar til tappinn er aftur láréttri stöðu.
- Bætið við nýrri olíu gegnum opið ①.
- Setjið tappann aftur á og herðið.



VIÐHALDSTÍMABIL

Tilkeyrsla _____ **Innan fyrstu 10 stundanna**

Venjulegt _____ **á 250 stunda fresti**

Viðhald

OLÍUSTAÐA Í GÍRKASSA AFLDEILIS


Athugið olíustöðu á gírkassa afldeilisins:

- Stöðvið lyftarann á jafnsléttu og gætið þess að stöðuhemillinn sé settur á.
- Þrífið olíustöðutappann ① allt um kring.
- Takið tappann úr og athugið hvort olían sé á hæð við opið.
- Ef með þarf skal bæta á nýrri olíu gegnum opið ① þar til hún er orðin jöfn því.
- Setjið tappann aftur á og herðið.

Skipt um olíu:

- Setjið hæfilega stórt ílát undir aftöppunaropið.
- Takið úr tappann ①.
- Takið aftöppunarboltann úr ② og tæmið gírkassa afldeilisins.
- Setjið aftöppunarboltann aftur á og herðið ②.
- Hellið nýrri olíu inn um áfyllingaropið ① sem er ofan á niðurgír afldeilisins. Hættið þegar olían er jöfn opinu ①.
- Setjið tappann ① aftur á og herðið.

① ***Áfyllingartappi***
② ***Tæmingartappi***



VIÐHALDSTÍMABIL

Tilkeyrsla _____ **Innan fyrstu 10 stundanna**

Venjulegt _____ **á 250 stunda fresti**

Viðhald

■ SMURNING

⚠ VARÚÐ

Áður en smurfeiti er dælt í smurkoppana þarf að þrífa þá vandlega til að leðja, ryk og önnur efni geti ekki blandast við smurefnið og dregið úr virkni smurningarinnar eða eyðilagt hana alveg. Fjarlægið alla gamla smurfeiti með olíueyði úr skotbómunum áður en þær eru smurðar á ný.

Smyrjið lyftarann reglulega til að hann fái hentug vinnuskilyrði og góða endingu.

Notið smurdælu til að dæla smurfeiti inn í sérstaka smurkoppa.

Þegar fersk smurfeiti kemur út skal hætta að dæla.

Smurstaðirnir eru sýndir á þessum skýringarmyndum:

- táknið  sýnir staði sem smyrja þarf með smurdælu
- táknið  sýnir staði sem smyrja þarf með bursta.





⚠ VARÚÐ

Notið aðeins PTFE INTERFLON FIN SMURFEITI LS 2 til að smyrja þá hluta skotbómunnar sem renna til. Farið eftir áætluninni hér að neðan:

- ***Eftir fyrstu 50 vinnustundirnar (1 viku)***
- ***Eftir fyrstu 250 vinnustundirnar (1 mánuð)***
- ***Á 1000 vinnustunda (6 mánaða) fresti***

Fjarlægið gamla smurfeiti af bómunni og berið þunnt lag af smurfeiti á rennipúðana.






Viðhald

■ HJÓLBARÐAR OG HJÓL

Hjólbarðar geta sprungið ef of mikill þrýstingur er settur á þá.

Ofhitnuð hjól geta sprengt hjólbarðana. Sjóðið ekki í felgurnar. Látið þjálfaðan tæknimann sjá um viðgerðir.

Í LAGI **RANGT**



Loftþrýstingur og útskipti hjólbarða er sýndur í töflunni hér fyrir neðan:

Notið alltaf hjólbarða af þeim stærðum sem tilgreindar eru í skráningarskírteini lyftarans.

Á nýjum vélum og þegar hjól hefur verið tekið af eða skipt um það skal athuga hersluátak á felgurónum á 2 vinnustunda fresti þar til það er stöðugt.

Hersluátak: 400 N/m.

VIÐHALDSTÍMABIL

Tilkeyrsla _____ **Innan fyrstu 10 stundanna**

Venjulegt _____ **á 250 stunda fresti**

■ HEMLAR

Ef framkvæma þarf einhverjar aðgerðir á hemlakerfinu (stillingu og/eða útskipti á hemladiskum) skal hafa samband við næsta þjónustuaðila TEREXLIFT eða næsta vottaða TEREXLIFT verkstæði.

	GTH-2506	GTH-3007
Málstærðir (framan og aftan)	12-16,5	405/70-20
P.R. (eða hleðslutala)	10 pr	14 pr
Felga	9,75x16,5	13x20
Hjólskífa	8 gata DIN 70361	8 gata DIN 70361
Þrýstingur bör/Psi	4,5/65	5,5/80
Valkvætt	**Hlutarnúmer**	
Hjólbarðar með pólýúretani	55.0403.0055	/
405/70-24 14 pr **Hjólbarðar**	/	55.0403.0047

Viðhald

■ JÖFNUN ÁSA

Við hin ýmsu störf getur jöfnun fram- og afturáss lyftarans orðið fyrir ýmsum breytingum. Þetta getur verið vegna lofts í olíu í stýrisbúnaði eða áhrifa á stýringu beggja ása þegar fram- og afturhjólin eru ekki fullkomlega jöfnuð.

Til að lagfæra þetta vandamál skal fara að eins og hér segir frekar en að aðgæta jöfnunina sjónrænt:

1) Færi lyftarann á traust, slétt undirlag

2) Stillið stýrisvalsrofann **20** á „stýringu fyrir fjögur hjól“ (staðs. **1**)

3) Snúið stýrishjólinu alveg í botn (annað hvort til hægri eða vinstri)

4) Stillið stýrisvalsrofann á „stýringu fyrir tvö hjól“ (staðs. **0**)

5) Snúið stýrishjólinu alveg í botn (annað hvort til hægri eða vinstri)

6) Stillið stýrisvalsrofann aftur á „stýringu fyrir fjögur hjól“ (staðs. **1**)


7) Snúið stýrishjólinu (til þeirrar hliðar sem er gagnstæð stað **3**) þannig að afturásinn fari alveg í botn


8) Endurstillið stýrisvalsrofann á „stýringu fyrir tvö hjól“ (staðs. **0**)

9) Snúið stýrishjólinu (til þeirrar hliðar sem er gagnstæð stað **7**) þannig að framásinn fari alveg í botn

10) Endurstillið stýrisvalsrofann aftur á „stýringu fyrir fjögur hjól“ (staðs. **1**)

Nú eiga hjólin að vera rétt jöfnuð.





Ef lyftarinn er útbúinn með sjálfvirkan vísi fyrir valkvæða jöfnun afturhjóla (sjá kafla* Stjórntæki og mælar*) þá logar appelsínugula viðvörunarljósið 11.12 sjálfkrafa ef stýrinu er snúið með valrofann á stillingu 0, þegar afturhjólin hafa jafnast.

VIÐHALDSTÍMABIL

Tilkeyrsla	**Ekkert**
Venjulegt	**Ef með þarf**

Viðhald

STILLING Á RENNIPÚÐUM BÓMUEININGANNA

Hver hluti bómunnar er með stillanlega rennipúða sem eru staðsettar á fjórum hliðum prófílsins. Þessir púðar eru festir bæði við fasta og hreyfanlega hluta einingarinnar.

Allir púðarnir eru stillanlegir með sérstökum skinnum sem TEREXLIFT útvegar eftir óskum.

Púðarnir stilltir:

- Fjarlægið eða losið alla bolta sem festa púðana eftir því hvernig skinnur eru tiltækar (með raufum eða án þeirra).
- Setjið á nauðsynlegan fjölda skinna.
- Ef þykkt púðans er ófullnægjandi eða við slitmörk þarf að endurnýja púðann.
- Herðið boltana sem festa púðana með viðeigandi hersluátaki (sjá hér að aftan). Notið átaksmæli.

Hersluátak á boltum púðanna með tilliti til þvermáls boltans

Boltar M10	30 Nm
Boltar M14	50 Nm

Ef boltarnir eru hertir með meira átaki en hér er tilgreint getur púðinn eða skrúfgangurinn á festingunni brotnað.


⚠ VARÚÐ


Nauðsynlegt er að skipta um púða ef þykkt plastlagsins sem eftir er með tilliti til festingarinnar úr járni sem festir púðann er minni eða jöfn og 1 mm.


VIÐHALDSTÍMABIL

Tilkeyrsla _____ **Ekkert**

Venjulegt _____ **Ef með þarf**







Viðhald

ATHUGUN Á ÖRYGGISBÚNAÐI


HLEÐSLUTAKMÖRKUNARKERFI.

Kerfið samanstendur af hleðsluskynjara sem settur er á afturásinn, stýriheila sem staðsettur er undir ökumannshúsinu og skjá við ökumannssætið.
Með þessu tæki getur ökumaðurinn athugað stöðugleikabreytingar með ljósaröð með 7 LED ljósum (3 grænum, 2 appelsínugulum og 2 rauðum).

Athugun á HLEÐSLUTAKMÖRKUNARKERFINU

(við hverja notkun)


Þegar vélin er gangsett framkvæmir hleðslutakmörkunarkerfið sjálfsprófun. Ef boð eru gefin um bilun fer takmarkarinn í öryggishátt og lokar fyrir allar hættulegar hreyfingar: **LED-ljós L8** fer að blikka til að gefa bilanakóðann til kynna.
Merking þessara bilanakóða er gefin í kaflanum „**Bilanir og villuleit**“.
Til að framkvæma handvirka athugun er nóg að setja farm á sem fer yfir leyfileg þungatakmörk með bómunni skotið út að fullu og reyna að lyfta honum. Kerfið á að gefa viðvörun; ef svo er ekki þarf að hafa samband við tækniþjónustu TEREXLIFT.



Viðhald

NEYÐARSTÖÐVUNARHNAPPUR

Þessi hnappur er í mælaborðinu, hægra megin við stýrishjólið. Ef ýtt er á þennan hnapp stöðvast vél lyftarans. Áður en vinna hefst á ný þarf að finna og lagfæra viðkomandi orsakir og síðan endurstilla hnappinn í hlutlausa stöðu með því að snúa honum réttsælis.




Athugun á neyðarstöðvunarhnapp (við hverja notkun)

Virkni þessa þrýstihnapps er prófuð einfaldlega með því að ýta á hann þegar lyftarinn er á hreyfingu. Þrýstingurinn frá þrýstihnappnum ætti að stöðva allar hreyfingar og drepa á vélinni.

SÆTISROFI

Þessi örrofi er staðsettur inni í sætispúðanum og kemur í veg fyrir allar hreyfingar vélarinnar ef ökumaðurinn situr ekki rétt í ökumannssætinu.




Athugun á sætisrofanum (við hverja notkun)

Til að athuga hvort sætisrofinn virki rétt er nægilegt að reyna að láta lyftarann aka af stað án þess að sitja í ökumannssætinu.
Ef svo er á lyftarinn alls ekki að geta hreyft sig.
Sé svo ekki þarf að hafa samband við tækniþjónustu TEREXLIFT.

VIRKNIROFINN á STÝRIPINNANUM VIRKJAÐUR

Stýripinninn er með virknihnapp. Þessum rauða þrýstihnappi þarf að halda niðri þar til aðgerð lyftarans sem stjórnað er með stýripinnanum er lokið og ef honum er sleppt stöðvast þessi aðgerð.



Athugun á VIRKNIROFIANUM á STÝRIPINNANUM (við hverja notkun)

Til að athuga hvort virknirofinn á stýripinnanum sé virkur er nægilegt að prófa að nota stýripinnann án þess að þrýsta á þennan hnapp og ef það er gert á stýripinninn ekki að geta stjórnað neinni aðgerð.
Sé svo ekki þarf að hafa samband við tækniþjónustu TEREXLIFT.


Viðhald

■ ÖRYGGISLOKAR á öllum TJÖKKUM

HÆTTA


Notið alltaf læsihring lyftitjakksins (sjá myndina hér að neðan) þegar unnið er við viðhald á læsiloka lyftitjakksins eða almennt allar aðgerðir á svæðinu undir bómunni:

I. Lyftið bómunni og lengið hana
II. Losið tvo bolta á grindinni (staðs. A) til að losa hringinn
III. Setjið hringinn á bullustöng lyftitjakksins (staðs. B)
IV. Læsið hringnum með því að herða boltana sem eru á hringnum.



Allir tjakkar lyftarans eru með öryggislæsiloka:

- Jöfnunartjakkur
- Lyftitjakkur
- Tjakkur til að lengja skotbómuna
- Snúningstjakkur fyrir aukabúnað



■ Athugun á öryggislæsitjökkunum

(Á 3 mánaða fresti)

Stýrðu læsitjakkarnir vinna þannig að þeir halda farmi í stöðu sinni ef sveigjanleg vökvaslanga springur. Til að athuga virkni lokans þarf að fara að sem hér segir:

- Setjið á farm sem er í grennd við þyngdarmörk hleðslu á bómuna.
- Lyftið farminum upp um nokkra sentimetra frá jörðu (mest 10 cm). Til að athuga lokann á tjakknum fyrir framlengingu bómunnar þarf að færa bómuna efstu stöðu og lengja hana um nokkra sentimetra.
- Losið gætilega glussaolíuleiðslur til tjakksins sem verið er að athuga.

Við þessa athugun streymir olían út úr slöngunum og farmurinn á að haldast áfram fastur í sinni stellingu. Ef þetta gerist ekki þarf að skipta um lokann. Hafið samband við tækniþjónustu TEREXLIFT.

Viðhald

Læsilokarnir eða tjakkarnir teknir af

- Lækkið bómuna tryggilega til jarðar því ef tjakkurinn er fjarlægður getur skapast stjórnlaus hreyfing niður á við.
- Eftir að lokinn eða tjakkurinn hefur verið settur aftur á þarf að fylla aftur á kerfið og tæma allt loft af áður en vinna hefst. Loft er tæmt af kerfinu með því að færa tjakkana að endamörkum sínum í báðar áttir (opnun/lokun). Loft er tæmt af jafnvægistjakki fyrir gaffla með því að hreyfa bómuna upp og niður og halla festigrindinni áfram/afturábak.

⚠ AÐVÖRUN

Meðan þessi athugun er gerð þarf að gera allar nauðsynlegar varúðarráðstafanir:

- ***Notið öryggisgleraugu***
- ***Notið öryggishanska***
- ***Notið öryggisskó***
- ***Verið í hentugum vinnufatnaði***
- ***Notið hlífar gegn olíuleka undir miklum þrýstingi***
- ***Framkvæmið athugunina á auðu svæði með hindranir allt um kring til að halda óviðkomandi aðilum í burtu***
- ***Gangið úr skugga um að hluturinn sem athuga skal sé í öruggu ástandi og að aðgerðin sem framkvæmd er endi leiði ekki til þess að lyftarinn hreyfi sig stjórnlaust á einhvern hátt.***

TILKYNNING

Sjá kaflann REGLULEGT EFTIRLIT til að sjá niðurstöður af daglegum athugunum á öryggistækjum.

ATHUGUN Á STJÓRN Á RÆSINGU LYFTARANS

(við hverja notkun)

Reynið að ræsa vélina með gírstöngina í áfram- eða afturábakgír.

Vélin á ekki að fara í gang. Ef vélin fer í gang þarf að hafa samband við tækniþjónustu TEREXLIFT.

Endurtakið aðgerðina með því að skipta fyrst í annan gírinn og síðan í hinn.

ATHUGUN Á ÁSTANDI BURÐARVIRKIS

Eftir fimm ára eða 6000 vinnustunda notkun lyftarans (hvort heldur sem á sér stað fyrr) þarf að athuga ástand burðarvirkisins og gæta sérstaklega að suðum á burðarbitum og pinnum bæði á bómu og palli (ef til staðar).

⚠ AÐVÖRUN

Þetta þarf að athuga á 2 ára fresti eftir fyrstu 5 árin.

Viðhald

RAFKERFI

AÐVÖRUN

Við vinnu á öllum viðhaldsverkum þarf að vera drepið á vélinni, stöðuhemillinn á, aukabúnaður á jörðu og gírstöng í hlutlausum.

AÐVÖRUN

Ef þarf að lyfta einhverjum hluta lyftarans vegna viðhalds þarf að tryggja hann á öruggan hátt áður en nein verk eru unnin.

AÐVÖRUN

Öll inngrip í rafkerfið eru algerlega bönnuð nema þau séu unnin af þar til bærum starfsmönnum.

TILKYNNING

Allar breytingar og/eða viðbætur við rafbúnað lyftarans og kerfi hans þurfa að vera í samræmi við ákvæði EN12895.

VARÚÐ

- ***Notið ekki vör með hærri amperafjölda en mælt er með því það gæti valdið alvarlegum skemmdum á rafkerfinu.***
- ***Ef var bráðnar eftir skamman tíma þarf að leita að uppsprettu bilunarinnar með því að fara yfir rafkerfið.***
- ***Hafið alltaf tiltæk nokkur vör í neyðartilfellum.***
- ***Reynið aldrei að gera við eða tengja fram hjá bráðnu vari.***
- ***Gætið þess að gott samband sé á tengjunum á vörunum og innstungum þeirra og engin tæring sé á þeim.***


Viðhald

■ VÖR OG RAFLIÐAR

Rafkerfið er varið af vörum sem eru til staðar í ökumannshúsinu, vinstra megin. Áður en skipt er um var með sama amperafjölda þarf að finna og lagfæra bilunina.


■ Vör og rafliðar í ökumannshúsinu

TILV.	LÝSING	AMP.
F01	AÐVÖRUN	10
F02	HÁL JÓS	15
F03	LÁG LJÓS	15
F04	FLAUTA	15
F05	VEGUR/VINNUSVÆÐI	10
F06	H-FRAMAN & V-AFTAN STAÐSETNINGARLJÓS	5
F07	V-FRAMAN & H-AFTAN STAÐSETNINGARLJÓS	5
F08	ORKUGJAFI VALKV.	10
F09	2"HÁÞRÝSTIVÖKVAKERFI	10
F10	HLEÐSLUJÖFNUNARBÚNAÐUR	5
F11	MIÐSTÖÐ	25
F12	DRIFSTILLISTÖNG	10
F13	VINNULJÓS	15
F14	SKYNJARI Á AFTURÁS	10
F15	BLIKKLJÓS	10
F16	HEMLALJÓS	10
F17	GÖTULJÓS & AÐVÖRUNARBLIKKLJÓS	10
F18	NEYÐARSTÖÐVUN	10
F19	RÚÐUÞURRKA	10
F20	MÆLABORÐ	10



■ Vartappar vélar


TILV.	LÝSING	AMP
FG1	AÐALVAR	50
FG2	VAR FYRIR GLÓÐARKERTI	40
K02	STARTARAROFI	
K01	FORHITUN GLÓÐARKERTA	



Viðhald

■ RAFGEYMIR

RAFGEYMIR RÆSIS KENNISTÆRÐIR	
Volt	12
Ah	100
Lengd Ⓐ	333 mm
Breidd Ⓑ	175 mm
Hæð Ⓒ	215 mm
Þyngd	25 kg



- Athugið stöðu rafvökva á 250 vinnustunda fresti; bætið við eimuðu vatni ef með þarf.
- Tryggið að vökvinn sé 5-6 mm ofan við plöturnar og að vökvastaðan í hólfunum sé rétt.
- Athugið hvort allar kapaltengingar séu tryggilega festar við póla rafgeymisins. Kapaltengingarnar eru hertar með topplykli, aldrei með töng.
- Verjið pólana með því að bera á þá vaselín.
- Takið rafgeyminn úr og geymið á þurrum stað þegar lyftarinn er ekki í notkun í lengri tíma.

⚠ AÐVÖRUN

- ***Rafvökvinn inniheldur brennisteinssýru. Hún getur valdið bruna ef hún kemst í snertingu við húð og augu. Notið alltaf öryggisgleraugu og hlífðarhanska og meðhöndlið rafgeyminn með varúð til að koma í veg fyrir leka. Látið ekki málmhluti, málmarmbönd á úrum, hringa, hálsfestar) snerta póla rafgeymisins því þeir geta myndað skammhlaup milli pólanna og valdið brunaslysi.***
- ***Vegna þess að rafvökvinn er mjög ætandi má hann aldrei komast í snertingu við grind lyftarans eða rafmagns- eða rafeindahluta hans. Ef rafvökvinn kemst í snertingu við þessa hluti þarf að hafa samband við næsta þjónustuveitanda.***
- ***Rafgeymirinn er aftengdur með því að taka fyrst neikvæðu (-) leiðsluna af jörð á grindinni.***
- ***Rafgeymirinn er tengdur með því að tengja plúspólinn (+) fyrst.***
- ***Hlaðið rafgeyminn fjarri lyftaranum á vel loftræstum stað.***
- ***Haldið honum frá hlutum sem gætu myndað neista, opnum eldi eða logandi sígarettum.***
- ***Látið ekki málmhluti hvíla á rafgeyminum. Þetta getur valdið hættulegu skammhlaupi einkum þegar endurhleðsla er í gangi.***

⚠ AÐVÖRUN

Hætta á sprengingum og skammhlaupi. Við hleðslu verður til sprengifim blanda með því að vetni myndast.

⚠ VARÚÐ

Bætið ekki við brennisteinssýru, aðeins eimuðu vatni.

Viðhald

ÁFYLLING ELDSNEYTIS

Hluti	Afurð	Rúmtak (lítrar) GTH-2506	Rúmtak (lítrar) GTH-3007
Dísilvél	Vélarolía	10	10
Kælikerfi vélarinnar	Vatn+frostlögur	13	13
Eldsneytistankur	Dísilolía	60	90
Glussaolíugeymir	Glussaolía	65	80
Mismunadrif að framan með niðurgírar	Olía	4 / 0,7	4 / 1,7
Mismunadrif að aftan	Olía	4	4,3
Niðurgírar á framhjólum	Olía	1,6	1,5
Niðurgírar á afturhjólum	Olía	1,6	1,5

KENNISTÆRÐIR VÖRUNNAR

Vélarolía

Notið olíur sem mælt er með af framleiðanda dísilvélarinnar (sjá viðkomandi handbók sem fylgir lyftaranum). Við afhendingu er lyftarinn áfylltur með.
SHELL RIMULA SAE 15W-40 (API CH-4 / CG-4 / CF-4 / CF, ACEA E3, MB 228.3)

Smurolíur og viðkomandi síuhylki

Fyllið á lyftarann með eftirfarandi smurefnum:

Notkun	Afurð	Skilgreining
Afldeilir-mismunadrifsgírar-niðurgírar	TRACTORENAULT THFI 208 LF SAE 80W	API GL4 / FORD M2C 86B Massey Ferguson M1135
Vökvakerfi og hemlar	GAZPROMNEFT HYDRAULIC HDZ 46	DIN 51524 3 hluti HVLP, ASTM D6158 HV, SAE MS1004 MS

TILKYNNING

Blandið aldrei saman ólíkum gerðum af olíu:þetta getur valdið vandræðum og því að hlutar geta brotnað.

Olía fyrir vökvakerfi:

Heimskautaloftslag:	Hitastig undir -10 °C	Notið SHELL Tellus T22
Milt loftslag:	Hitastig frá -15 °C til + 45 °C	Notið HDZ 46
Hitabeltisloftslag:	Hitastig yfir +30 °C	Notið SHELL Tellus T68
Lífbrjótanleg olía:		Notið SHELL Naturelle Fluid HF-E Shell

VERNDUM UMHVERFIÐ

Blandið aldrei saman lífbrjótanlegri olíu og hefðbundinni jarðefnaolíu til að tryggja að eiginleikar lífbrjótanlegu olíunnar haldist.

Viðhald

Síuhylki:


Sía	Streymi l/1'	Síun	Tenging
Olíusía	150	10 η	1" 1/4 BSP

■ Eldsneyti

Áfyllingarlok **A**. Notið aðeins dísilolíu með minna en 0,5% brennisteinsinnihald í samræmi við kennistærðir í notendahandbókinni um dísilvélina.

TILKYNNING

Í köldu loftslagi (hitastigi undir -20 °C) skal aðeins nota „heimskautagerð" af dísilolíu eða olíu-dísileldsneyti eða blöndu af olíu-dísilolíu. Samsetning þeirra síðarnefndu geta verið mismunandi eftir umhverfishitastigi upp að 80% af olíu að hámarki.



■ SMURFEITI

Til að smyrja vélina skal nota:

Litíum-feiti Vanguard LIKO, gerð EP2	Ef smurt er með smurdælu.
AGIP grafítfeiti, gerð GR NG 3	Ef smurt er með bursta.
INTERFLON FIN GREASE LS 2	Á skotbómuna

TILKYNNING

Forðist að blanda saman mismunandi gerðum eða eiginleikum og notið ekki feiti af lélegri gæðum.

■ Kælivökvi

Ráðlegt er að nota blöndu af frostlegi (50% vatn-50% frostlög). Við afhendingu er lyftarinn áfylltur með:

TEREX PRO COOL frá VALVOLINE

Ef þessi afurð er notuð er ábyrgst að endingin í kælirásinni sé 3 ár eða 7000 vinnustundir án þess þurfi að bæta við neinum kæliefnum.

TEREX PRO COOL Vernd gegn suðu / frosti		
Afurð%	Frostmark	Suðumark
33	-17 °C	123 °C
40	-24 °C	126 °C
50	-36 °C	128 °C
70	-67 °C	135 °C

TILKYNNING

Notið blöndu af frostlegi í hlutföllum sem framleiðandinn mælir með með tilliti til umhverfishitastigs á vinnustaðnum.

Bilanir og villuleit

BILANIR OG VILLULEIT

Í þessum kafla eru handhægar leiðbeiningar fyrir ökumanninn um lagfæringu á algengustu bilunum og um leið að gera sér grein fyrir þeim aðgerðum sem aðeins þar til bærir tæknimenn mega framkvæma. Ef þið eruð vafa um eitthvert atriði skuluð þið ekki vinna verkið heldur kalla til þjálfaðan tæknimann.

⚠ AÐVÖRUN

Þegar unnið er að hvers konar viðgerðum, viðhaldi og bilanaleit þarf lyftarinn að vera í kyrrstöðu, bóman í hvíldarstöðu eða lögð niður á jörð, stöðuhemillinn settur á og kveikjulykillinn tekinn úr.

VANDAMÁL	ORSAKIR	LAUSNIR
